

| tíska | heilsa | gæludýr | jól | pistlar | matur | tíðarandinn | stjörnuþá |

birta

● Gleðileg jól

JÓLAMATUR

» Hugmynd að langri hátíðarmáltíð

TÍSKA NÆSTA ÁRS

» Oxford-skór, samfestingar og metal

Hjörtur Magni og Ebba Margrét

TRÚIN OG LÍFIÐ



SJÓNVARPSDAGSKRÁIN
22. desember - 4. janúar



COR / SINUS

Árið 1976 var Sinus hægindastóllinn þegar á undan sinni samtíð, með dúandi fjaðrastáli – en af lögun þess dregur stóllinn nafn sitt – og bólstrun sem er eins óvenjuleg og hún er þægileg.

Hönnun: Reinhold Adolf, Hans-Jürgen Schröpfer

feðurðin býr
í smáatriðunum



MÓDERN
MÓDERN

Hlíðasmára 1 / 201 Kópavogur / 534 7777 / www.modern.is



**DÚ
GEFUR
STYRK!**

Saman getum við safnað **geðveikt** miklu

Allir geta tekið þátt í söfnun til styrktar samtökum sem vinna að úrbótum í geðheilbrigðismálum.

Viðskiptavinir Sparisjóðsins þurfa ekki að greiða neitt, bara velja félag til að styrkja, og Sparisjóðurinn leggur þá fram 1.000 kr. til félagsins. Farðu inn á www.spar.is eða komdu við í næsta sparisjóði og veldu félagið sem fær þinn styrk.



SPARISJÓÐURINN

– fyrir þig og þína



14



20



32



Þetta helst

- 7 Nýir siðir fyrir gamla sveina
- 8 Heitt og kalt
- 8 Tíðarandinn: Áramót
- 10 Brennsla Snorra Helgasonar
- 12 Bragi bóksali:
Þessi heimur er svo heillandi

Greinar og viðtöl

- 14 Hjörtur Magni og Ebba Margrét:
Trúin og lífið
- 40 Hver þarf ekki á góðum harmleik
að halda?

Hann/hún

- 20 Hugmynd að langri hátíðarmáltíð
- 26 Rotturnar eru alveg eðalgæludýr
- 28 Tíska:
Oxford-skór, samfestingar og metal
- 32 Tískuíkon: Björk Guðmundsdóttir
- 34 Grímuball
- 36 Kristín Eva Þórhallsdóttir elur upp
- 38 Tryggvi Gunnarsson segir kynjasögur
- 41 Jólábíómyndir

Í hverju blaði

- 42 Krossgáta
- 43 Sjónvarp næstu viku
- 76 Sudoku

Í miðju blaðsins

Heilsubirta
Jólabirta

Með ósk um gleðileg jól og bjarta daga á komandi ári **birta**

22. desember – 4. janúar 2006 nr. 51

ÚTGÁFUFLAG: 365 – prentmiðlar
RITSTJÓRI: Kristín Eva Þórhallsdóttir
kristineva@frettabladid.is
ÁBYRGÐARMADUR: Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is
RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR:
Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 550 5000

DREIFING: Pósthúsið ehf., sími 585 8330
AUGLÝSINGAR:
Anna Elínborg Gunnarsdóttir / aeg@365.is
Sölustjóri / 550 5806 / 899 3632
Erna Sigmundsdóttir / ernas@365.is
Markaðsfulltrúi / 550 5863 / 821 2755
Auður Harpa Andrésdóttir / audur.harpa@365.is
Markaðsfulltrúi / 550 5828 / 892 8873

UMBROT: 365 – prentmiðlar
Kristín Agnarsdóttir, Örylgur Hnefill Örylgsson og
Linda Stefánsdóttir
PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf.
FORSÍÐUMYND: Heiða
NETFANG: birta@frettabladid.is
Birtu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum, Akureyri, Akranesi, Borgarnesi, Selfossi og Hveragerði.

„KLUKKUSTUND
Í ÓSKILUM
INNIHELDUR
GRÍÐARLEGA
ORKU!“

FRUMSÝNT 29. DESEMBER

ÓFAGRA VERÖLD
EFTIR ANTHONY NEILSON

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

BORGARLEIKHÚSIÐ

Nýir síðir **FYRIR** gamla sveina

Samruni íslenskra og bandarískra hefða er hvergi sýnilegri en í jólasveinunum okkar. Óþekku hrekkjusvínin voru klædd í rautt og í stað þess að stela og stríða fóru sveinarnir að gefa og gæla. Þessi síðaskipti voru ekki átakalaus og upp komu nokkur atvik sem virkilega reyndu á þolrif þjóðarinnar. Þvörusleikir var þannig heillaður af mistilteininum og töfrum hans. Hann greip grein af næsta tré, laumaðist inn til húsmóður í Austurbænum og lét reyna á töframáttinn. Amerískir töfrar virka hins vegar bara í Ameríku og húsmóðirin var ekki lengi að grípa í kökukeflið og venja Þvörusleiki af þessum nýja ósið.

Ég sá mömmu kyssa jólasvein
hún virtist ekki vera sátt við það
því sveinninn var ei hreinn
og gat ei staðið beinn
enda var hann gamall skríttinn
Grýlujólasveinn

Já, ég sá mömmu kyssa jólasvein
sem virtist vera röngu landi í
með litla visna grein
þá pabbi rak upp vein
þegar mamma kyssti jólasvein.



Texti: TRYGGVI GUNNARSSON
Mynd: KUBBUR MARGMIDLUN - HÖRÐUR E.

GAMLÁRSKVÖLD

Ein af stærstu veislum ársins er handan við hornið en það er að sjálf-sögðu gamlárskvöld, kvöldið sem við kveðjum það gamla og góða sem er að baki og fögnum nýrri byrjun. Gamlárskvöld er að sjálf-sögðu bara eitt stórt partí og hérna eru nokkrar sniðugar hugmyndir að góðu áramótapartíi.

Við mælum með New York við þá sem eru að hugsa um að vera **ERLENDIS YFIR ÁRAMÓTIN**. Aðalstaðurinn þar á gamlárskvöld er auðvitað Times Square og á hverju ári safnast um 29 þúsund manns þar saman til að fagna nýju ári. Þeir sem komast ekki, en láta sig dreyma um að fara, geta fylgst með stemningunni 1. janúar á www.youtube.com.



HVER MAN EKKI EFTIR

Prodigy, Haddaway og Snap? Tónlistarmaðurinn Bibbi Curver og dj Kiki-ow frá Englandi ætla að fagna árinu 2007 með því að spila öll frægustu lög tíunda áratugarins. Tónlistin frá þessum áratug hefur rutt sér til rúms á helstu skemmtistöðum Reykjavíkurborgar og ætti því enginn að vera svikinn á Nasa á gamlárskvöld. Doc Martens skór og snjóþvegnar gallabuxur eru algjört móst í þetta partí.

HVER HEFUR EKKI GAMAN AF ÞEMAPARTÍÍ?

Tilvalið á gamlárskvöld og hægt er að láta sér detta ýmislegt í hug, t.d. Hollywood-þema eða hið sigilda grímupartí. Fátt er meira spennandi en að kynnst einhverjum nýjum með dularfulla grímu á sér.



heitt & kalt

Heitt
 Volgt
 Hvorki heitt né kalt
 Við stofuhita
 Ískalt



HEITU POTTARNIR OG GUFAN í sundlaugum landsins eru nokkuð sem við ættum öll að vera dugleg að nýta okkur, enda hrein forréttindi að komast í „spa“ fyrir 250 kr.



STJÖRNUSKOÐUN. Hvað getur verið yndislegra en að skoða himingeiminn í öllu þessu svartnætti? Léttir manni hiklaust lundina.



FLEIRI FJÖLMIÐLAR. Jæja, hvað þurfum við marga fjölmiðla á Íslandi? Þetta fer að verða eins og í Pompeii þar sem 1,39 gleðikonur voru á hvern íbúa. Auðvitað höfðu þær allar lítið að gera.



AFNOTAGJÖLD RÍKISSJÓNVARPSINS. Annað hvort ættum við að borga þessi afnotagjöld og þá sleppa við auglýsingar, eða þá að stofnunin heldur auglýsingunum og sleppir þessari fjárkúgun.



VÆNTINGAR TIL GAMLÁRSKVÖLDS. Að ætla sér of mikið í djammgeiranum á gamlárskvöld gerir það að verkum að kvöldið er dæmt til að mistakast. Gakktu hægt um gleðinnar dyr.



Á MIÐNÆTTI SAFNAST SAMAN HUNDRUÐ MANNA hvaðanæva að á einum og sama staðnum til að horfa á flugeldana. Besti staðurinn til að sjá alla ljósadýrðina er án efa Öskjuhlíðin. Skemmtilegast er að smala saman góðu fólki og hafa jafnvel eina kampavínsflösku með í för til að fagna nýja árinu. Það ætti ekki að klikka.

Gerðu góðverk þegar þú kaupir jólagjöfina hjá okkur

Komdu með gamla símann þinn og: Vodafone gefur 1.000 kr. til góðgerðamála fyrir hvern gamlan GSM síma. Þú færð 1.000 kr. afslátt af nýjum síma. Gamli síminn verður sendur til þróunarlanda eða endurunninn.

Látum gott af okkur leiða um jólin

Sharp GX 17

9.900 kr.

live! símtæki



Nokia 6131

26.900 kr.

live! símtæki



Nokia 6070

13.900 kr.

live! símtæki

Komdu við í verslun okkar eða hjá umboðsmanni, hringdu í 1414 eða smelltu þér á www.vodafone.is til að fá nánari upplýsingar.

gríptu augnablikið og lifðu núna



vodafone



brennslan mín ...
Snorri Helgason

Áður en maður stimplar sig út

„Ég var að pæla í að þrengja þennan lista aðeins niður, þar sem að ég er að hlusta á svona frekar mikið í auknablikinu og erfitt að gera lista bara svona út í loftið,“ segir Snorri Helgason um brennsluna sína. Snorri er söngvari og gítarleikari í hljómsveitinni Sprengjuhöllin og er umsjónarmaður útvarpsþáttarins Jókó Dónó á X-fm. „Þælingin var að búa bara til svona snemmapartí-lista. Svona fyrsta-til-þriðja-bjórslita. Það er yfirleitt uppáhaldstími minn í partíum, svona rétt áður en maður stimplar sig út og verður kærulaus en er samt massíft góður á því.“

- LAG 1** King Harvest(has surely come) - The Band. Þetta er ótrúlegt lag í alla staði. Ótrúleg uppbygging á popplagi þar sem allir meðlimir þessarar ótrúlegu hljómsveitar fá að njóta síns til fulls.
- LAG 2** Do Right Woman - The Flying Burrito Brothers. Kántrírokk útgáfa af gamla Arethu Franklin laginu sem lætur mér alltaf líða vel.
- LAG 3** Starshaped - Blur. Þetta lag er svona fyrir gítarnördinn í mér. Uppáhaldið mitt, Graham Coxon, gjórsamlega sprengir mig í hvert skipti sem ég heyr þetta lag. Þetta lag er búið að vera með mér lengi.
- LAG 4** Just Like Tom Thumb's blues - Bob Dylan. Yndislegt kúlusta speed-freak jive frá alherjagoðinu Dylan frá þeim tíma sem hann lagði mest upp úr kúlismanum. Sessionleikararnir eru ótrúlegir. Allt er fullkomið.
- LAG 5** Just my Imagination - Curtis Mayfield & the Impressions. Úfff! Þetta er það eina sem ég get sagt um þetta lag.
- LAG 6** Cosmic Dancer - T.REX. Ég veit að það er nördalegt að segja þetta en trommusandið eitt er nógu gott til þess að láta mig fá gæsháð. Síðan er restin bara plús.
- LAG 7** Village Green Preservation Society - The Kinks. Ég veit ekki um neitt annað band sem á eins mörg fullkomin lög og Kinks. Þetta er dæmi um það.
- LAG 8** Act Nice and Gentle - The Kinks. Kannski ekki eitthvað fullkomið lag en það er einhver svo mikill grallarafllingur í þessu lagi sem fer alveg einstaklega vel niður með bjór.
- LAG 9** Tell me, Moma - Bob Dylan & the Hawks. Hávaðasamasta lagið á þessum lista en samt er svo mikið grúv í því að það á heima hér. Enda eru ekki slæmir meðleikarar, tilvonandi The Band-menn.
- LAG 10** Scooby Driver - Belle & Sebastian. Langynsta lagið á listanum, sem er svoltið fyndið því það er bara 6 ára, ef ég man rétt. Kemur mér alltaf í gott skap. Ein sú áhugaverðasta hljómsveit síðasta áratugar.



» birta mælir með ...

... FEARLESS sem er stórskemmtileg bardagamynd frá Hong Kong þar sem kínversk þjóðerniskennnd fær að njóta sín. Góð tilbreyting frá blaktandi amerískum fánum og íslenskum hálandisskotum.



... JÓLAMATSEÐLI Á THORVALDSEN. Óvenjulegur matseðill þar sem asiískum og evrópskum mat er blandað saman með góðum árangri.

... ÞRIÐJU LEIÐINI sem er nýr geisladiskur frá 12Tónum. Tónlistin, sem er eins konar þjóðlagadjass, er falleg, blíð og róandi, söngur hinnar ungu Elísabetar hreinlega himneskur og textar Einars Más skemmtileg tilbreyting frá hefðbundnum popptextum. Trío Elísabetar, Einars Más og gítarleikarans Barkar Hrafns Birgissonar myndar úrval fulltrúa listagyðjunnar.



*Draumaeyjan-
sjálfshjálparspil*

NÝTT

Draumaeyjan, sjálfshjálparspil handa spenntri þjóð er nýtt og spennandi fjölskylduspil byggt á metsölubókinni Draumalandið eftir Andra Snæ Magnason. Spilið sem er eftir Árna Stefánsson og gengur út á að byggja upp landsvæði og móta framtíð draumaeyjunnar Íslands. Leikmenn geta verið stjórnámalmenn, umhverfissinnar, frumkvöðlar, útgerðarmenn eða auðjöftrar. Sá sem setur mest mark sitt á framtíð landsins vinnur spilið. Það er hægt að byggja upp stóriðju, þekkingariðnað, ferðaiðnað, sjávarútveg, landbúnað eða blöndu af framangreindu. Náttúruperlur og markverðir staðir á Íslandi koma einnig mikið við sögu. Fréttir, atburðir, mótherjarnir og náttúruöflin hafa áhrif á framvindu spilsins sem þó er fullt af húmor. Útgefandi er Leikmenn ehf. og leiðbeinandi verð er: kr. 4.990.





mbl.is

FRUMSÝNDAR 26. DES.

B & G. Gæðingur

BYLGJAN



FRUMSÝND 29. DES.



FRUMSÝND 1. JAN.

XFM




KOMIN Í BIÓ

**Jólamyndirnar
eru sýndar í
Sambíóunum**

Láttu þig ekki vanta í bió!

SAMBIÓ

Reykjavík



Víotal: MARGRÉT HUGRÚN GÚSTAVSDÓTTIR Myndir: HEIÐA

» ÞESSI HEIMUR ER SVO HEILLANDI «

Bragi Kristjánsson hefur stundað verslun með bækur mestan hluta úr ævi sinni. Nú rekur hann líflega og skemmtilega verslun við Klapparstíginn í Reykjavík en þar kennir svo sannarlega ýmissa grasa.

HVAÐ HEFURÐU STUNDAÐ FORNBÓKASÖLU LENGI?

„Ég hef staðið í þessu í þrjátíu og eitthvað ár. Eiginlega alla ævi, eða frá því ég var um tvítugt. Fyrsta verslunin sem ég rak stóð við Skólavörðustíg. Beint á móti þar sem gamla kommúnistablaðið Þjóðviljinn var til húsa. Síðan þá hefur þetta verið á nokkrum stöðum í bænum.“

ER ÞAÐ ÁSTRÍÐA FYRIR BÓKUM SEM HEFUR LAGT GRUNNINN AÐ LÍFSSTARFI ÞÍNU?

„Já, og það er náttúrulega líka þessi heimur sem er svo heillandi. Heimur bókarinnar er svo heillandi því það er allt í honum nema mannskepnan sjálf. Í raun allt sem fólk hefur á að halda. Bókalestur féll reyndar svolítið niður þegar sjónvarpið var að komast á fullt og Stöð 2 mætti til leiks, en núna seinni árin hefur hann merkjanlega verið að aukast. Til dæmis er yngra fólk mikið meira á ferðinni í búðinni núna heldur en var á tímabilinu þegar spólan og allt það lagði undir sig athyglina hjá fólki.“

KAUPIR FÓLK MIKIÐ AF GÖMLUM BÓKUM TIL JÓLAGJAFJA?

„Það gerir dálítið af því, já, já. Það er náttúrulega svo mikið af alls konar skritnum

og skondnum bókum í svona búð. Það hefur svo margt verið skrifað sem er orðið hlægilegt í dag en þótti ekkert hlægilegt fyrst þegar það var gefið út. Til dæmis hefur fólk gaman af margs konar hjónalýsingum og hvernig eigi að lifa lífinu. Svo er náttúrulega alltaf verið að gefa út þessar fjárans sjálfshjálparbækur. Fólk getur ekki farið fram úr rúminu núorðið án þess að þurfa að fletta upp í bók um hvernig á að gera það.“

KEMUR BOBBY FISCHER ENN Í HEIMSÓKN TIL ÞÍNS?

„Já, svona búð er alltaf líka eins og hálfgerð félagsmiðstöð, fyrir utan það að vera verslun. Hingað er alltaf að koma alls kyns fólk og Bobby Fischer er alltaf að koma karlinn. Hann lúrir hérna úti í horni stundum og les. Þeir hafa verið að eltast við hann, sjónvarpsmenn frá útlöndum. Koma hingað með heilu liðin og bíða eftir honum hálfu og heilu dagana karlreyinu, en hann vill ekkert með þá hafa!“

ERTU MEÐ EINHVERJAR MYNDA-BÆKUR Í BÚÐINI?

„Já, það er alltaf eitthvað öðru hvoru. Það kemur allt í svona búð. Fer samt eftir því

hvað maður kallar myndabækur, er það myndabók frá Íslandi eða myndabók frá Berlín? Myndabækur eru misjafnar.“

FERÐU TIL ÚTLANDA AÐ KAUPA BÆKUR EÐA KOMA BÆKURNAR TIL ÞÍNS?

„Þetta kemur mestallt hingað til okkar í kössum frá fólki sem vill minnka við sig, er að flytja eða fara til útlanda. Þegar fólk deyr þá skipta ættingjarnir oft dótinu á milli sín og eitthvað af því kemur alltaf hingað til okkar.“

ER EITTHVAÐ SEM ÞÚ SÆKIST SÉRSTAKLEGA EFTIR AÐ KAUPA?

„Já, ég er meira að leita eftir fræðibókum en skáldskap. Mikið af þeim skáldsögum sem hafa verið gefnar út á Íslandi eru orðnar afgangshlutir í dag. Gömlu íslensku höfundarnir, aðrir en þessir þekktu, eru til dæmis ekki mikið lesnir lengur. Jafnvel Gunnar Gunnarsson, Guðmundur Hagalín, Guðmundur Daniélfsson. Hver man þessa karla?! Þetta var mikið lesið hér áður fyrr og bækurnar hans Gunnars voru til að mynda gefnar út í fimmtíu þúsund eintökum í Danmörku, en í dag er verið að selja þetta á krónu. Tímarnir breytast.“

AFGREIÐSLUTÍMI SUNDSTAÐA ÍTR UM JÓL OG ÁRAMÓT 2006 - 2007

| | Laugard. 23. Des | Sunnud. 24. Des | Mánud. 25. Des | Þriðjud. 26. Des | Miðvikud. 27. Des | Fimmtud. 28. Des | Föstud. 29. Des | Laugard. 30. Des | Sunnud. 31. Des | Mánud. 1. Jan | Þriðjud. 2. Jan |
|-----------------|---------------------|--------------------|-------------------|---------------------|----------------------|---------------------|--------------------|---------------------|--------------------|------------------|--------------------|
| Árbæjarlaug | 8:00-18:00 | 08:00-12:30 | lokað | lokað | 06:30-22:30 | 06:30-22:30 | 06:30-22:30 | 08:00-20:30 | 08:00-12:30 | lokað | 06:30-22:30 |
| Breiðholtslaug | 8:00-18:00 | 08:00-12:30 | lokað | lokað | 06:30-22:00 | 06:30-22:00 | 06:30-22:00 | 08:00-20:00 | 08:00-12:30 | lokað | 06:30-22:00 |
| Grafarvogslaug | 8:00-18:00 | 08:00-12:30 | lokað | lokað | 06:30-22:30 | 06:30-22:30 | 06:30-22:30 | 08:00-20:30 | 08:00-12:30 | lokað | 06:30-22:30 |
| Kjalarneslaug | 11:00-15:00 | 10:00-12:30 | lokað | lokað | 17:00-22:00 | 17:00-21:00 | 17:00-21:00 | 11:00-15:00 | 10:00-12:30 | lokað | 17:00-21:00 |
| Laugardalslaug | 8:00-18:00 | 08:00-12:30 | lokað | 12:00-18:00 | 06:30-22:30 | 06:30-22:30 | 06:30-22:30 | 08:00-20:00 | 08:00-12:30 | 12:00-18:00 | 06:30-22:30 |
| Sundhöllin | 8:00-18:00 | 08:00-12:30 | lokað | lokað | 06:30-21:30 | 06:30-21:30 | 06:30-21:30 | 08:00-19:00 | 08:00-12:30 | lokað | 06:30-21:30 |
| Vesturbæjarlaug | 8:00-18:00 | 08:00-12:30 | lokað | lokað | 06:30-22:00 | 06:30-22:00 | 06:30-22:00 | 08:00-20:00 | 08:00-12:30 | lokað | 06:30-22:00 |



Laugarnar í Reykjavík





TRÚIN OG LÍFIÐ

Viðtal: BRYNHILDUR BJÖRNSDÓTTIR

Myndir: HEIÐA

Förðun: ÞÓRA ÓLAFSDÓTTIR

» Margar fjölskyldur eiga erfitt með að skipuleggja sig á aðventunni þegar mikið er um að vera og mörgu að sinna. Fjölskyldan í Austurgerði 12 heldur sín jól eins og aðrar fjölskyldur en það getur verið heilmikið þúsl. Á heimili þar sem eru þrjú til fjögur börn á ýmsum aldri er aðgerðarleysi fátítt, hvað þá ef báðir foreldrarnir vinna störf sem eru mjög krefjandi, ekki síst um jólaleytið. Hjónin **Ebba Margrét Magnúsdóttir** fæðingarlæknir og **Hjörtur Magni Jóhannsson** Fríkirkjuprestur eru fulltrúar stétta sem hafa nóg að gera á þessum árstíma við að sinna grundvallarþörfum okkar hinna; annað sér um andlega lífið og hitt sér um að koma nýju lífi í heiminn. Þau fundu smá stund til að spjalla við Birtu á jólaföstudunni.

Hvernig eru jólin hjá ykkur? Þau hljóta að vera aðeins öðruvísi en hjá fólki sem vinnur frá níu til fimm?

„Jahá,“ segir Ebba og hlær.

Hjörtur Magni segir jólin snúast mikið um vinnuna. „Aðventan öll er hlaðin allskyns uppákomum í kirkjunni og hápunkturinn er á jólonum; tvær messur á aðfangadagskvöld og skírnir og hátíðaguðsþjónusta á jóladag. Mikið er af brúðkaupum og skírnum milli jóla og nýárs og sorgin gerir einnig vart við sig á þessum tíma, hún er alveg óháð árstíðum. Svo í ofanálag er konan mín á vöktum.“

„Ég er á vakt á jóladagsnótt en fæ frí um áramótin í staðinn,“ segir

Ebba. „Þetta er náttúrulega púsl en við höldum samt okkar jól. Oft hafa þetta verið svolítil hlaup, fyrst í messu klukkan sex, svo komið heim og borðað og svo dálítill sprettur í þökkunum því Hjörtur þarf að fara aftur í miðnæturmessuna. Eftir það er kíkt í jólakortin, sem er heilög stund fyrir mig og tekur tíma. En núna fær Hjörtur frí klukkan sex og tekur miðnæturmessuna í staðinn svo ég veit ekki hvernig þetta verður. Við verðum að minnsta kosti heima klukkan sex.“

Ebbu finnst skemmtilegt að vera á næturvakt á fæðingardeildinni á jölunum. „Þá er helgi yfir, ekki mikið um óþarfa símtöl eða kvabb og það er reynt að skreyta og hafa góðan mat og notalega stemmingu.“ Hún segist aldrei hafa tekið á móti jólabarni. „En ég hef tekið á móti fyrsta barni ársins á nýársnótt fyrir nokkrum árum. Það var voða gaman. Þá var samkeppni milli Reykjavíkur og Akureyrar og við vorum á undan. Þó er fólk yfirleitt ekkert að spá í þetta þegar þar að kemur.“

SKURÐUR OG SKÍRN

Þau segja að störf lækni og prests geti tengst á ýmsan hátt. „Þegar ég var búin með mitt almenna lækningapróf og var að leysa af á Suðurnesjum var ég kannski kölluð til við andlát og svo fór ég út í bíl og hringdi í Hjört og hann tók við,“ segir Ebba. „Og svo höfum við líka lent í því að ég hef tekið á móti barni og hann hefur skírt. Það er í gríni kallað „skurður og skírn“ ef ég tek barnið með keisara og Hjörtur skírir svo.“

Hjörtur bætir við: „Bæði störfín eru á þessum viðkvæmu mörkum lífs og dauða. Það er sagt að maður sé aldrei í eins mikilli lífshættu og þegar hann fæðist. Bæði störfín miðast líka við að líkna og hjálpa og það allt getur valdið miklu álagi.“

Ebba segir bæði störfín mjög gefandi og þakklætið mikið. „Við finnum það til dæmis á jólanótt þegar við opnum jólakortin okkar, því þá eru mörg kort frá fólki sem við höfum verið að liðsinna yfir árið.“

NAUÐSYNLEGT AÐ SKILJA VINNUNA EFTIR Í VINNUNNI

Þau segjast ekki ræða mikið um vinnuna sín á milli. „Ég veit ekkert allt sem Hjörtur er að takast á við og hann skammar mig oft fyrir að fá ekki að vita hvað ég er að glíma við í vinnunni fyrir en eftir á,“ segir Ebba. „Ég hef kannski verið undir álagi einhverja daga og ekkert sagt um það fyrir en allt hefur farið vel og þá segi ég honum kannski hvað hefur verið að pirra mig. En við erum bundin trúnaði og tölum ekki um það sem gerist í vinnunni utan hennar.“

Þau eru líka bæði sammála um að það sé nauðsynlegt að taka vinnuna ekki með heim. „Það er mjög mikilvægt að afklæðast hempunni öðru hvoru og vera bara heima hjá sér,“ segir Hjörtur. Ebba segir bestu fríin vera þegar þau fara til útlanda. „Við þurfum að gera markvisst í því að fara í frí og pústa. Það er ekki erfitt að brenna út í erfiðum störfum.“

Í íslenskum bókmenntum leikur prestsmaddaman allaf mikið hlutverk og Ebba segir að auðvitað þurfi hún stundum að sinna slíkum skyldum, sem séu þó oftast mjög ánægjulegar. Hún segist vera trúuð á sinn hátt en ekki flíka því mikið. Maður hennar segir að flestir Íslendingar séu trúaðir á einmitt þann hátt. „Íslendingar



„Það er mjög mikilvægt að afklæðast hempunni öðru hvoru og vera bara heima hjá sér.“

leita ekki að Guði sínum eftir hefðbundnum stofnanaleiðum. Hin óhefðbundna leið er greipt inn í vitund Íslendinga, það að trúá með sínum eigin persónulega hætti.“ Hann segir þetta lýsa sér vel í því að fólk komi frekar í kirkju á jölunum en annars. „Þetta er hluti af þjóðmenningarlegu ritúali en annars eru kirkjusókn og trúrækni almennt afar laustengd hér á landi. Andstæður ljóss og myrkurs gera það að verkum að ljósahtíð í miðju myrkrunu hefur alveg sérstaka merkingu fyrir fólk sem býr á norðlægari slóðum. Þess vegna eru jólin svo merkileg fyrir okkur hér.“

BÖRNIN VIJJA HEFÐIRNAR

Talið berst að jólahefðum. „Það eru engin jól hjá mér nema ég geri laufabrauð,“ segir Ebba ákveðin. „Ég fæ sérstakt deig með kúmeni sent að norðan og svo setjast allir niður og skera og steikja. Ég reyni að baka eitthvað því krökkunum finnst það gaman en það er kannski ekkert voðalega hollt, svo maður reynir að baka í

DENON

Pitt eigið tónlistarhús


Heimabíómagnarar, magnarar og DVD

DENON margverðlaunað af virtustu fagtimaritum
fyrir útlit og hágæða hljómflutning




75W x 7 (8 ohms) • 56 stöðva (AM/FM) minni • Sjálfvirk stilling með hljóðnema

DENON AVR-1507 magnari



15 gerðir verð frá 39.900



CANTON

Movie 101 CD
heimabíóhátalarar



kíktu á

www.ef.is



Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími 520 7900 • www.ef.is



„Íslendingar leita ekki að Guði sínum eftir hefðbundnum stofnanaleiðum. Hin óhefðbundna leið er greypt inn í vitund Íslendinga, það að trúna með sínum eigin persónulega hætti.“

minna lagi. Við skrifum mörg jólakort, en mér finnst það langskemmtilegast af öllu, gefum gjafir sem við reynum að hófstilla þó það standist ekki alltaf. Við borðum hamborgarhrygg á aðfangadag og hangikjöt á Þorláksmessu. Ég vil engin læti á Þorláksmessu og ég myndi frekar vilja vinna á aðfangadag en á Þollák. Þá er búið að þrifa allt í húsinu og kominn hangikjötsilmur og það er líka heilög stund þegar við hlustum á jólakveðjurnar í útvarpinu.“

„Þá tárast Ebba,“ skýtur maðurinn hennar inn í. „Við reynum að senda jólakveðju um hver jól,“ segir Ebba. „Mér finnst dýrmætt að treysta böndin við fólk sem okkur þykir vænt um og hittum allt of sjaldan með því að senda jólakort eða jólakveðju, senda myndir af börnunum okkar og leyfa fólk að fylgjast með.“

Hjörtur Magni og Ebba Margrét eiga þrjú börn saman en fyrir átti Hjörtur soninn Aron Þór, sem er tvítugur verkfræðinemi. Þá kemur Ágústa Ebba, fimmtán ára, Magnús Jóhann, átta ára, og Rut Rebekka, sem verður þriggja ára í mars og kann ekki ennþá að segja R.

„Ég held að það sé mikilvægt að skapa hefðir handa börnunum sínum,“ segir Ebba. „Við höfum til dæmis alltaf haft gervijólatré sem við keyptum á námsárunum í Skotlandi og ég stakk upp á því í vikunni að við prófuðum í þetta sinn að hafa lífandi tré. Þá var það Magnús Jóhann, átta ára, sem sagði þvert nei við því, því það kæmi svo mikið af nálum á gólfid og hann vildi bara hafa gamla tréð og gömlu seríurnar. Og núna þegar Hjörtur fær í fyrsta skipti á ferlinum frá klukkan sex vill Ágústa Ebba endilega fara í kirkju þá. Börn kunna að meta hefðir.“

VERÐA VÖR VIÐ FÁTÆKT

Hjörtur Magni og Ebba segjast bæði verða vör við fátækt í störfum sínum. „Við hjá Fríkirkjunni erum með lítinn líknarsjóð sem er myndaður úr frjálsum framlögum sóknarfólks,“ segir Hjörtur. „Stór hluti af mínu starfi á aðventunni er að afgreiða slíkar beiðnir til öyrkjja, einstæðra mæðra og þeirra sem einhverra hluta vegna hafa orðið undir. Það er í rauninni stórfurðulegt að það skuli vera svo stór hópur í okkar samfélagi, eins rík og við erum.“ Ebba segist hitta konur sem hafi varla efni á því að koma til kvensjúkdómalæknis. „Á fæðingardeildinni sér maður fólk sem á virkilega bág. Þegar konur ganga með barn vilja þær það besta handa barninu en geta ekki boðið því upp á það. Ég held að fátæktin í



samfélaginu sé enginn tilbúningur en svo sér maður líka hinar öfgarnar, fólk sem á allt of mikið og veit ekki hvernig það á að láta.“

Sorgin er heldur ekki langt undan á jólunum og prestar verða mikið varir við það. „Þeir sem hafa misst eiga oft erfitt með að upplifa jólin og finna þessa dæmigerðu jólastemmingu,“ segir Hjörtur. „Það reynir líka víða á hjónabandið á þessum tíma. Flest hjónabandsviðtöl koma upp á aðventunni og það finnst mér athyglisvert. Það er eins og það skapist svo mikil spennan í allri þessari eftirvæntingu að það sé eitthvað sem brestir. Eins og gömul undirliggjandi vandamál komi upp á þessum tíma og fólk sé misjafnlega í stakk búið að takast á við þau.“

FÆÐINGIN Í FJÁRHÚSINU

Jólanóttin tengist líka starfi þeirra beggja og Ebba segir að það hefði ekki verið mikið mál að taka á móti barni í fjárhúsi. „Ég lærði mikið í minni fæðingarfræði í fjárhúsunum hjá afa mínum og ömmu og það er ekkert mál að eignast barn inni í hlýrri hlöðu eða kró ef allt er í lagi. Ég gæti alveg hugsað mér það sjálf.“

Hjörtur Magni bendir á að helgasta hátíð kristinna manna sé ekki til að fagna stórum stríðssigri eða undirritun mikilvægs alþjóðlegs samnings. „Heldur þessu stórkostlega ævintýri: kona fæðir barn. Og mér finnst þetta stóra undrið í lífinu enn í dag, ekki að menn vinni einhver stórvirki heldur lífið sjálft. Það þarf engar stórar stofnanir til að fagna því kraftaverki.“

„Og það er kraftaverk að það skuli langoftast fara vel og að frá tveimur frumum komi lítið barn með tíu fingur og tær,“ segir Ebba. „Það er svo margt í þessu lífi sem við skiljum ekki þó að við teljum okkur óskaplega klár og gáfuð og gerum ótal rannsóknir. Mér finnst ég oft finna það í vinnunni að það eru ekki bara tilviljanir sem ráða.“

„Að það sé einhver sem vaki yfir?“ segir Hjörtur Magni og Ebba samsinnir því.

Þau hjónin eiga eftir að vinna mikið yfir jólin og snerta líf fjölda fólks. „Í okkar störfum fáum við að upplifa merkilega hluti með fólk og hreina og tæra gleði,“ segir Hjörtur. „Við komumst að innsta kjarna þeirra sem við mætum og það er mikli umbun í því.“ Og þrátt fyrir annasaman tíma framundan eru þau sammála um að þau myndu ekki vilja starfa við neitt annað.

Daim

JÓLAISKRANS



*Vanilluís með
Daim-síkkulaðiþjúp
og -kúlum.*

Gledileg jól

*Ekta vjómáís með
vanillu, hnetusíkkulaði
og Tiramisú.*



emmessis

Hugmynd að langri hátíðarmáltíð

Fátt er betra en að sitja lengi við og njóta góðs matar. Suður-Evrópubúar eru þekktir fyrir slíkt en hjá þeim fara sunnudagarnir sem og flestir hátíðisdagar í langan málsverð með fjölskyldu og vinum – málsverð sem teygir sig yfir allan daginn. Jólin eru engin undantekning og mikið lagt í verkið. Oftelega er sterkur vilji hjá mörgum til að bjóða í mat að suður-evrópskum sið en margir veigra sér við að bjóða í margrétta máltíð. Þykir tilhugsunin um undirbúninginn ógnvekjandi. Það þarf hins vegar

alls ekki að vera ef matinn er hægt að undirbúa vel fyrir fram og uppskriftirnar eru einfaldar.

Hér er hugmynd að langri hátíðarmáltíð. Alla réttina er hægt að undirbúa á þann hátt að þeir eru nánast tilbúnir þegar gestirnir mæta í boðið, svo ekki þarf að eyða löngum tíma í eldhúsinu meðan á málsverði stendur. Munnbitinn er klár fyrirfram, sömuleiðis getur salatið verið komið á diska, kjúklingurinn mallar í ofninum og allt er tilbúið í eftirrættinn... bara eftir að

setja hann á disk fyrir hvern og einn svo að marengsinn haldi sér vel.

Þegar maturinn var eldaður fyrir þessa myndatöku var slegið upp veislu í leiðinni til að fagna fimmtíu ára afmæli. Máltíðin stóð yfir í nærri fimm tíma svo óhætt er að segja að hátíðarmatseðillinn standi undir nafni hvað það varðar að hans sé hægt að njóta vel og lengi. Megi slíkt verða að veruleika hjá sem flestum sem þess óska um þessi jól. Gleðilega hátíð og þökk fyrir matarárið sem er að líða.

Munnbiti

Rauðbeðusalat með timjan og geitaosti

*Rauðrófa, soðin og skorin í teninga
(meqa vera rauðbeður tilbúnar í krukku)
Smjörklípa
Salt og pipar
Balsamikedik
Ferskt timían, um 4 greinar
Geitaostur
Brauð að eigin vali*

Ef notuð er fersk rauðrófa, þarf að sjóða hana í saltvatni þar til hún er mjúk. Þá er hún skorin í teninga. Möguleiki er að nota rauðbeður úr krukku og láta renna vel af þeim fyrir notkun. Bræðið smjör á pönnu og steikið rauðbeðuteningana. Saltið aðeins og piprið. Dreypið balsamikediki yfir og látið karameliserast. Rífið blöðin af timíangreinunum og hrærið saman við blönduna. Smyrjið brauðsneiðar með geitaosti. Setjið rauðbeðusalat yfir, nokkra balsamikediksdropa og timían til skrauts. Berið fram.

ATH. að hægt er að nota ýmislegt brauð í snitturnar. Gróft kornbrauð, rúgbrauð eða grilla bagettusneiðar og dreypa olíu yfir.

Frambald á næstu opnu ►



Forréttur

Marinerað carpaccio með klettsalati

Marinering:

1 ½ dl fínt saxaður vorlaukur

1 ½ tsk. sykur

1 ½ msk. sítrónusafi

1 dl rúsínur, saxaðar

1 dl capers, saxaður

2 dl góð ólífuolía

Salt og pipar

200 g úrvals nautakjöt,

skorið í örþunnar sneiðar

Ferskur parmesanostur, rifinn

Klettsalat

Plómur, skornar í báta

Hrærið saman vorlauk, sykri, sítrónusafa, rúsínur, capers, olíu og smakið til með salti og pipar. Skerið nautakjötíð niður í örþunnar sneiðar, það má ráðgera um 3 sneiðar á mann í forrétt. Setjið hverja sneið í plastfilmu og berjið hana varlega niður, svo að hún verði um 2 mm á þykkt. Setjið kjötíð í marineringuna, blandið vel, og látið standa í a.m.k. klukkustund. Setjið salat á disk, fyrir hvern og einn. Dreypið olíu yfir. Setjið plómubáta með. Takið kjötíð úr marineringunni og leggið sneiðarnar á salatbedið. Gefið marineringu með, rúsínur og capers. Setjið yfir kjötíð. Stráið parmesanosti yfir. Berið fram.



Aðalréttur

Rísottófylltur kjúklingur með sætum kartöflum

Kjúklingur eða kalkúnn

Hvítvín

Sambuca eða aníslékjör

100 g gorgonzola-ostur

Sætar kartöflur, skornar í teninga

Rísottó:

2 msk ólífuolía

2 msk smjör

1 laukur, fínt saxaður

2 b rísottógrjón

¾ b hvítvín

5 b kjúklingasöð

150 g beikonbitar eða hráskinka

1 fennel, ferskt, fínt skorið

½ b ferskur parmesanostur

Salt og svartur pipar

Bræðið olíu og smjör í potti. Mýkið lauk og fennel. Steikið beikon í smá olíu á pönnu. Steikið einnig hráskinkuna á pönnu ef þið veljið að nota hana. Hellið grjónunum í pottinn og hrærið þannig að grjónin séu vel þakin í oliunni. Setjið beikon/hráskinku í pottinn og hrærið vel.

Frambald á næstu opnu ►

Hellið hvítvíni út í og látið sjóða upp. Hrærið vel í á meðan. Hellið eftir það einni ausu af soði í pottinn og látið sjóða upp. Hrærið vel í á meðan. Endurtakið þar til soðið er búið eða þar til grjónin eru mjúk undir tönn. Tekur um 20 mín. Smakkið til með salti og pipar og hrærið parmesanostinn saman við. Setjið fyllingu inn skip kjúklingins. Geymið afganginn af risottóinu. Komið kjúklingnum fyrir í ofnpotti eða í eldföstu móti. Hellið líkjör yfir hann og hvítvíni í botninn. Saltið

og piprið. Eldið á 200-220 gráðum í um klukkustund eða þar til kjúklingurinn er eldaður í gegn. Grillið að ofan í nokkrar mín. áður en kjúklingurinn er tekinn úr ofninum svo að hann líti fallega út. Hellið soðinu af kjúklingnum í pott og sjóðið upp. Myljið gorgonzola-ostinn út í soðið og bræðið. Pykkið sósuna ef þið kjósið.

Varðandi eldamennsku á sætu kartöflunum, þá eru þær settar á bökunarpappír, ólífuo líu dreypt yfir og þær saltaðar með góðu salti.

Þeim er stungið inn í 200 gráða heitan ofn í um 40 mín. eða þar til mjúkar. Hægt að elda þær í ofninum með kjúklingnum ef um blástursofin er að ræða. Setjið afganginn af risottóinu í eldfast mót og stungið inn í ofn til að hita það upp. Berið kjúklinginn fram með kartöflunum, meira risottói og slettu af sósu.

ATH. að mjög sniðugt er að kaupa litla kjúklinga eða lynghænur og elda á þennan hátt. Einnig er fyllingin upplögð í kalkún.

Eftirréttur

Litlar pavlovur með berjasósu og súkkulaðikremi

Marengs:

3 eggjahvítur
180 g flórsykur
1 tsk. kartöflumjöl
1 tsk. hvítvínssedik

Stíffþeytið eggjahvíturnar, sigtið flórsykururinn saman við þær í smá skömmtum og hrærið varlega í á meðan, þá kartöflumjöl-ið og edikið. Búið til 6-8 marengstoppa á bökunarpappír. Hitið ofninn í 180 gráður, stingið marengstoppunum inn í ofninn en lækkið hitann um leið niður í 100 gráður. Bakið í 45 mín. þar til topparnir eru stökkir að utan en mjúkir og seigir að innan. Gott að slökkva á ofninum og láta marengsinn kólna þar.

Berjasósa:

Fersk ber að eigin vali, mega vera frosin
3 msk. sykur
8 msk. vatn

Setjið hráefnið saman í pott og látið malla í nokkrar mín. eða þar til berin eru mjúk og falleg sósa hefur myndast.

Súkkulaðikrem:

2½ dl þeyttur rjómi
2 eggjarauður
50 g brætt súðusúkkulaði
3 msk. flórsykur


Hrærið saman eggjarauður, súkkulaði og flórsykur þar til kekkjalaust og létt í sér. Blandið varlega saman við þeytta rjómann þar til úr verður jafnt og fallegt krem.

Setjið einn marengstopp hvern á disk, berjasósu yfir, sósan getur bæði verið heit eða köld, og hafið súkkulaðikrem með. Berið fram.



Gleðjumat

Jólin koma. Ættingjar og vinir hittast og gleðjast saman yfir margskonar jólagóðgæti. **Hellmann's®** majónes er eitt af því sem fullkomnar jólamatreiðsluna og gerir árangurinn ómótstæðilegan. Flauelsmjúk áferð, besta hráefni og ósvikin bragðgæði. Gleðileg jól.



Ef þú átt afgang af kalkúna um jólin geturðu gert þetta góða salat.

Kalkúna-waldorf-salat

½ bolli **Hellmann's®** Mayonnaise

1 msk sítrónusafi

½ tsk salt

2 bollar af elduðum kalkúna eða

kjúklingi í teningum

1 stórt epli, afhýtt

og kjarnahreinsað

½ bolli sellerí, sneitt

1/3 bolli rúsínur eða þurrkuð

trönuber

¼ bolli laukur, fint sneiddur

(má sleppa)

Ristaðar valhnetur, saxaðar

(má sleppa)

Hrærið majónes, sítrónusafa og

salt í skál. Blandið öllu öðru en

hnetum vel saman við. Stráið

hnetum yfir salatið. Kælið ef vill.



Hellmann's gerir bragðið betra

Forréttur

Marinerað carpaccio með klettsalati

Marinering:

1 ½ dl fínt saxaður vorlaukur

1 ½ tsk. sykur

1 ½ msk. sítrónusafi

1 dl rúsínur, saxaðar

1 dl capers, saxaður

2 dl góð ólífuolía

Salt og pipar

200 g úrvals nautakjöt,

skorið í örþunnar sneiðar

Ferskur parmesanostur, rifinn

Klettsalat

Plómur, skornar í báta

Hrærið saman vorlauk, sykri, sítrónusafa, rúsínur, capers, olíu og smakið til með salti og pipar. Skerið nautakjötíð niður í örþunnar sneiðar, það má ráðgera um 3 sneiðar á mann í forrétt. Setjið hverja sneið í plastfilmu og berjið hana varlega niður, svo að hún verði um 2 mm á þykkt. Setjið kjötíð í marineringuna, blandið vel, og látið standa í a.m.k. klukkustund. Setjið salat á disk, fyrir hvern og einn. Dreypið olíu yfir. Setjið plómubáta með. Takið kjötíð úr marineringunni og leggið sneiðarnar á salatbedið. Gefið marineringu með, rúsínur og capers. Setjið yfir kjötíð. Stráið parmesanosti yfir. Berið fram.



Aðalréttur

Rísottófylltur kjúklingur með sætum kartöflum

Kjúklingur eða kalkúnn

Hvítvín

Sambuca eða aníslékjör

100 g gorgonzola-ostur

Sætar kartöflur, skornar í teninga

Rísottó:

2 msk ólífuolía

2 msk smjör

1 laukur, fínt saxaður

2 b rísottógrjón

¾ b hvítvín

5 b kjúklingasöð

150 g beikonbitar eða hráskinka

1 fennel, ferskt, fínt skorið

½ b ferskur parmesanostur

Salt og svartur pipar

Bræðið olíu og smjör í potti. Mýkið lauk og fennel. Steikið beikon í smá olíu á pönnu. Steikið einnig hráskinkuna á pönnu ef þið veljið að nota hana. Hellið grjónunum í pottinn og hrærið þannig að grjónin séu vel þakin í oliunni. Setjið beikon/hráskinku í pottinn og hrærið vel.

Frambald á næstu opnu ►

Gott í jólamatinn!



Maizena Cremefine til matargerðar hentar vel í heitan mat í stað rjóma, með aðeins 15% fituinnihald, ríkt af hollri jurtafitu. Bragðið er sérlega gott með rjómakennndri fyllingu og Maizena Cremefine til matargerðar skilur ekki við suðu. Notaðu Maizena Cremefine í heita rétti, súpur og sósur í stað rjóma.

**Í staðinn
fyrir rjóma!**

Með jurtafitu

Freisting sem óhætt er að falla fyrir!

Hellið hvítvíni út í og látið sjóða upp. Hrærið vel í á meðan. Hellið eftir það einni ausu af soði í pottinn og látið sjóða upp. Hrærið vel í á meðan. Endurtakið þar til soðið er búið eða þar til grjónin eru mjúk undir tönn. Tekur um 20 mín. Smakkið til með salti og pipar og hrærið parmesanostinn saman við. Setjið fyllingu inn skip kjúklingins. Geymið afganginn af risottóinu. Komið kjúklingnum fyrir í ofnpotti eða í eldföstu móti. Hellið líkjör yfir hann og hvítvíni í botninn. Saltið

og piprið. Eldið á 200-220 gráðum í um klukkustund eða þar til kjúklingurinn er eldaður í gegn. Grillið að ofan í nokkrar mín. áður en kjúklingurinn er tekinn úr ofninum svo að hann líti fallega út. Hellið soðinu af kjúklingnum í pott og sjóðið upp. Myljið gorgonzola-ostinn út í soðið og bræðið. Pykkið sósuna ef þið kjósið.

Varðandi eldamennsku á sætu kartöflunum, þá eru þær settar á bökunarpappír, ólífuo líu dreypt yfir og þær saltaðar með góðu salti.

Þeim er stungið inn í 200 gráða heitan ofn í um 40 mín. eða þar til mjúkar. Hægt að elda þær í ofninum með kjúklingnum ef um blástursofn er að ræða. Setjið afganginn af risottóinu í eldfast mót og stungið inn í ofn til að hita það upp. Berið kjúklinginn fram með kartöflunum, meira risottói og slettu af sósu.

ATH. að mjög sniðugt er að kaupa litla kjúklinga eða lynghænur og elda á þennan hátt. Einnig er fyllingin upplögð í kalkún.

Eftirréttur

Litlar pavlovur með berjasósu og súkkulaðikremi

Marengs:

3 eggjahvítur
180 g flórsykur
1 tsk. kartöflumjöl
1 tsk. hvítvínسدik

Stíffþeytið eggjahvíturnar, sigtið flórsykururinn saman við þær í smá skömmtum og hrærið varlega í á meðan, þá kartöflumjöl-ið og edikið. Búið til 6-8 marengstoppa á bökunarpappír. Hitið ofninn í 180 gráður, stungið marengstoppunum inn í ofninn en lækkið hitann um leið niður í 100 gráður. Bakið í 45 mín. þar til topparnir eru stökkir að utan en mjúkir og seigir að innan. Gott að slökkva á ofninum og láta marengsinn kólna þar.

Berjasósa:

Fersk ber að eigin vali, mega vera frosin
3 msk. sykur
8 msk. vatn

Setjið hráefnið saman í pott og látið malla í nokkrar mín. eða þar til berin eru mjúk og falleg sósa hefur myndast.

Súkkulaðikrem:

2½ dl þeyttur rjómi
2 eggjaraudur
50 g brætt súðusúkkulaði
3 msk. flórsykur

Hrærið saman eggjaraudur, súkkulaði og flórsykur þar til kekkjalaust og létt í sér. Blandið varlega saman við þeytta rjómann þar til úr verður jafnt og fallegt krem.

Setjið einn marengstopp hvern á disk, berjasósu yfir, sósan getur bæði verið heit eða köld, og hafið súkkulaðikrem með. Berið fram.



GEORGE FOREMAN

HEILSU OG SÆLKERAGRILLIN

Nýtt
Frá George Foreman



- 2200 Wött** - Styttri upphitunartími (5 mín) og möguleiki á háu hitastigi.
- Hitastillir** - Fullkornari eldamennska, betri matur.
- Tímarofi** - Þú stillir bara tímann og tækið bjallar í þig þegar maturinn er til.
- Stór grillflötur** - 546 cm grillflötur, eða 6 kjúklingabringur í einu.
- Þykkari matur** - Grilllokið er ekki tengt grillbotni, því möguleiki á að grilla þykkari mat.
- Teflonhúð** - Auðvelt að þrifa.
- Fitan burt** - Grillflöturinn hallar, fitan rennur burt.
- Grillar allan mat** - Kjöt, fisk, grænmeti, hamburgara, pylsur, samlokur, o.m.fl.
- Ómissandi** - Tilvalið á heimilið, í fyrirtækið og í sumarbústaðinn.





Sæunn Rotta og Lína langsokkur deila búri í Húsdýragarðinum.



Unnur segir að rotturnar séu mjög kelnar og skemmtilegar.

Texti: EMILÍA ÖRLYGSDÓTTIR Myndir: GVA

Rotturnar eru alveg eðal gæludýr

Nýjstu meðlimir Húsdýragarðsins eru fjórar gælurottur sem ættaðar eru frá Danmörku. Unnur Sigurþórsdóttir, starfsmaður Húsdýragarðsins segir að börnin sem koma að skoða þær hafi mjög gaman af þeim. „Þetta eru fjórar kerlingar sem hafa fengið nöfnin Sæunn rotta, Lína langsokkur, Bína fina og Fretta flotta,“ segir hún og bætir því við að rotturnar séu alveg dásæmdar gæludýr. „Þær eru mjög þægilegar, hreinlegar og hljóðlátar. Það er hægt að kenna þeim alls kyns kúnstir, eins og að þekkja nafnið sitt og þær eru kelnar og skemmtilegar.“

Rotturnar í Húsdýragarðinum eru frá ungrri konu sem hefur leyfi fyrir ræktun danskra gælurotta hér á landi og þær fluttu í garðinn síðasta sumar. „Við erum enn sem komið er með þær inni í skrifstofuhúsnæðinu okkar sem er jafnframt svona fræðsluhúsnæði, þannig að þær eru bara til sýnis fyrir hópa sem koma til okkar í skipulagðar heimsóknir. Þær eru í tveimur búrum, tvær og tvær, en við tökum þær alltaf reglulega úr búrunum og leyfum þeim aðeins að hittast. Þegar skólahópar koma til okkar tökum við þær líka út og leyfum börnunum að halda á þeim. Viðbrögðin eru náttúrulega allavega því þegar þú heyrir orðið rotta dettur þér einhvern veginn alltaf fyrst í hug holræsarotta. En þegar börnin sjá

hvað þetta eru mikil dásæmdadýr þá sættast þau yfirleitt við þær tiltölulega fljótt og vilja fá að klappa þeim. Oft segjast þau ætla að fara heim og segja mömmu sinni að þau hafi verið að halda rottu og ég væri stundum til í að sjá viðbrögðin hjá foreldrunum þegar þau koma heim,“ segir Unnur og hlær.

Rotturnar fjórar fæddust á Jónsmessunni nú í sumar og voru því ekki gamlar þegar þær komu í garðinn. „Þær voru nánast alveg nýjar þegar við fengum þær en rottur verða reyndar ekkert voðalega gamlar, kannski svona þriggja, fjögurra ára,“ segir Unnur.

Ekki er mikið mál að fóðra rotturnar að sögn Unnar því þær borða aðallega afganga. „Við gefum þeim stundum sérstakt rottufóður en annars er það þannig að ef við fáum fisk í matinn fá þær líka bara fisk. Þær borða nánast allt. Þær mega reyndar alls ekki fá appelsínur, því þær geta orðið eitthvað veikar af þeim, ekki nammi og ekki gos því þær geta ekki ropað.“

Eitthvað er um það að Íslendingar séu farnir að hafa rottur fyrir gæludýr að sögn Unnar. „Konan sem við fengum rotturnar frá sagði að rottur frá henni væru komnar inn á ein tíu til fimmtán heimili séu þetta er að færast í vöxt. Enda eru þær alveg eðal gæludýr,“ segir hún.

JÓLATÓNLISTIN HLJÓMAR Á LÉTT BYLGJUNNI
OG KEMUR ÞÉR Í JÓLASKAPIÐ.

NJÓTTU UNDIRBÚNINGSSINS MEÐ GÓÐRI TÓNLIST.



EDDIE FORK KACCHAN

LÉTT
BYLGJAN
.....967

- JÓLASTÖÐIN ÞÍN!

NÚ ÞEGAR HAUSTÖNNINNI ER AÐ LJÚKA

er ekki úr vegi að líta á það sem stóð upp úr á tískuvikunum og dæma um hvað það verður sem okkur mun langa að klæðast í vor. Hvað er nauðsynlegt að eiga og hvaða stílar verða langflottastir?

Umsjón: BORGHILDUR GUNNARSDÓTTIR

LUELLA BARTLEY



ETRO

OXFORD-SKÓR, SAMFESTINGAR



CHLOE



SOPHIA KOKOSALAKI

10 NAUÐSYNLEGIR HLUTIR:

Stór svört lakktaska. Svona töskur sáust nokkrum sinnum á pöllum, meðal annars hjá Luella og Chanel. Nú þegar hafa tískudrósir eins og Kate Moss fjárfest í stórra lakkstösku og því ekki seinna vænna að finna sér eina þannig notaða eða ódýra eftirlíkingu. Já, eða bara fá sér Chanel-tösku og borða ekki í heilt ár.

Blazer-jakkinn. Stuttur, örllítið herralegur og óendanlega klassískur. Blazer-jakkinn gengur við nánast allt, hvort sem það eru niðurmjóar buxur á djamminu í vetur eða stutt pils og strigaskór í vor.

Klossaðir skór. Fyllti hællinn er ekki alveg eins töff nú og hann var fyrir nokkrum mánuðum en þykki hællinn á klossuðu skónum er það. Hann sást hjá öllum flottustu hönnuðunum og ekki er verra ef hann er fallega lakkaður eins og hér. Mynd: Chloé.

Oxford skór. Herralegir, rokkaðir og flottir. Þessir klassísku skór sáust út um allt á tískuvikunum og verða líka sýnilegir í sumar. Passa vel við hvað sem er og gefa útlitinu rokkaðri fíling.

Blöðrukjöllinn. Hann var líka vinsæll á haustsýningunum en hélt velli á þeim nýjustu enda óaðfínnanlega skemmtilegt smíð sem fer nánast hverjum um er.

Samfestingar. Þeir setja fútt í hvaða fatasamsetningu sem er. Það eru bara þær hugrökkustu sem þora í samfesting! Ekki verða ef um er að ræða leðursamfesting með stuttum buxum.

Hvít skyrta. Nauðsynleg eign í vor. Hvíta skyrta hoppar úr og í tísku og er núna frekar vinsæl. Prófaðu að leika þér með þessa klassísku flik og setja flott belti um þig miðja eða binda sæta slaufu um hálsinn.

Metal. Marc Jacobs, Ralph Lauren, Stella McCartney og fleiri og fleiri sýndu einhvers konar metal-flikur eða fylgihluti á línunum sínum. Nokkuð ljóst að það borgar sig að fjárfesta í einum metal-hlut fyrir vorið, hvort sem það er taska úr Spúútnik eða leggings úr Topshop eða Liborious.

Víðar buxur. Víðar, örllítið afalegar buxur þóttu flottar á tíunda áratugnum og akkúrat núna þykki stíll tíunda áratugarins ansi flottur. Fáðu þér því einar víðar, það verður kærkomin tilbreyting frá þröngu gallabuxunum.

Hátt mitti. Þessi mynd er úr smíðju Karls Lagerfeld og ef hann veit ekki hvað er töff hverju sinni, þá veit það enginn. Hátt mitti heldur áfram velli. Guði sé lof því hver var að „fíla g-strenginn upp úr“-stíllinn? Mynd: Karl Lagerfeld.



LUELLA BARTLEY



KARL LAGERFELD



TEMBERLEY



STELLA MCCARTNEY



STELLA MCCARTNEY

OG METAL

RÁÐANDI TÍSKA Á KOMANDI ÖNN

Rokk og ról. Ójá. Hver er ekki til í að hrista hárið örlítið úr föstum skorðum, skella á sig sölgleraugum og smella sér í töffarskóna? Luella Bartley veit um hvað rokkstíllinn snýst. Mynd: Luella Bartley.

Skritið twist. Appelsínugulur jakki við köflotta peysu? Háskólabolur við fínt glamúrþils? Prófaðu að setja eitthvað skritið saman og sjáðu hvað útkoman verður ótrúlega áhugaverð og skemmtileg.

Mörg lög. Peysa yfir bol, jakkapeysa yfir það og svo þunn kápa, belti og trefill yfir allt saman. Því fleiri líkur þeim mun betra. Flottur stíll og mjög

mikið í anda Marc Jacobs, Karen Walker og Ann Demeulemeester. Hljómar ekki illa. Mynd: Ann Demeulemeester.

Þriðji áratugurinn. Það er nokkuð ljóst hvaða áratug ber hæst í vor á tískuvíkunum. Þriðji áratugurinn er það heillin ef marka má Marc Jacobs, Ralph Lauren, Sophiu Kokosalaki, Basso & Brooke og fleiri og fleiri.

Tíundi áratugurinn. Þó svo að sá þriðji sé efstur þá dettur sá tíundi ekki alveg út. Grugglúkkið er samt ekki alveg málið ennþá heldur frekar stíllinn í anda Azzedine Alaïa og Therrys Mugler. Fínu, þröngu, stuttu kjólarnir. Svoltið eins og í Clueless.

FALLEGT FYRIR JÓLIN

KYNNING





6



8



7



9



10

1. Kiss Kringlunni. 6.990 kr. 2. GS skór Kringlunni. 4.990 kr. 3. Kiss Kringlunni. 4.990 kr. 4. Gallerí 17 Kringlunni. 4.990 kr. 5. Next Kringlunni. 11.590 kr. 6. Next Kringlunni. 13.590 kr. 7. Next Kringlunni. 8.890 kr. 8. Gallerí 17 Kringlunni. 65990 kr. 9. Next Kringlunni. 5.690 kr. 10. GS skór Kringlunni. 11.900 kr.

Tískuíkon #9

BJÖRK GUÐMUNDSDÓTTIR

Enginn Íslendingur hefur vakið jafn mikla athygli fyrir klæðaburð og Björk Guðmundsdóttir söngkona. Alveg frá því að hún hóf feril sinn í Kukli, til dagsins í dag, hefur hún vakið óskipta athygli fyrir sérkennilegt útlit og sérstæðan fatasmekk. Björk fer vissulega ótroðnar slóðir í vali sínu á fatnaði. Svanakjöllinn sem hún klæddist á Óskarsverðlaunahátíðinni árið 2001 vakti til að mynda svo mikla athygli, að margir vita hver Björk er, eingöngu vegna kjólsins góða. Hún klæddist svo þessum sama kjól, sem var hannaður af Marjan Pejowski, á umslagi Vespertine plötunnar og í bandarísku grínmyndinni White Chicks var kjöllinn sérstaklega tekinn fyrir. Það eru álíka miklar líkur á að sjá Björk Guðmundsdóttur í hefðbundnum gallabuxum og að skyndilega byrji að rigna froskum yfir Reykjavík. Hún eltir heldur aldrei tískustrauma og það er einmitt það sem gerir hana að tákmynd tískunnar. Táknmyndirnar, eða tísku-íkonin, eru þau sem móta stefnuna og hafa þau áhrif að aðrir byrja að líkja eftir klæðaburði þeirra. Björk hefur oftast en ekki komið margs konar tískustraumum af stað og þá er skemmst að nefna tvær hárgreiðslur. Annars vegar þar sem margir litlir hnútar eru búnir til á kollinum og hins vegar eftirlíking af greiðslunni sem Leila prinsessa bar í Star Wars. Eftirlætishönnuðir Bjarkar eru m.a. áðurnefndur Marjan Pejowski, Alexandre Matthew, Alexander McQueen, As Four, Jeremy Scott og Bernhard Willhelm. Allt skapandi og skemmtilegir hönnuðir sem fara ótroðnar slóðir líkt og listakonan sjálf, en myndirnar tala sínu máli.

Texti: MARGRÉT HUGRÚN



Asia Argento for Miss Sixty

elixer
MISS SIXTY
THE FRAGRANCE POTION





Gisele Bündchen málaði grímuna á andlit sitt.

Svartar grímur eru síglidar. Hér er Scarlett Johansson með eina slíka.



GRÍMUBALL

Um áramót setja margir upp grímu og leita nýrra ævintýra

Á miðnætti er gríman tekin niður og hið sanna kemur í ljós. Hvort sem um ævintýri, alvöru eða grín er að ræða er gott getur verið að fela sitt sanna sjálf og gaman að bregða á leik með grímu á andlitinu. Við sjáum hér hvernig fræga fólkið, sem nýverið hittist í partý hjá Moët & Chandon, notaði hugmyndaflugið og mætti með ótrúlega skemmtilegar, fallegar, skrítnar og seiðandi grímur. Kannski myndirnir geti gefið okkur hinum hugmynd að skemmtilegri grímu fyrir áramótin.

Myndir: GETTY IMAGES





intimately
BECKHAM



THE NEW FRAGRANCE FOR MEN AND WOMEN



Kristín Eva Þórhallsdóttir elur upp

Mútur á jólaföstu

„Drífið ykkur í háttinn áður en jólasveinninn kemur“, segi ég við börnin mín í desember og treysti á þennan dásamlega svein til að veita mér stuðning í uppeldinu. Ég horfi á eftir börnunum þeytast upp í rúm og loka augunum eins hratt og þeim er unnt. Þau flissa pínulítið, eða þurfa að skipta 80 sinnum um stellingar áður en þau sofna, því spennan er svo mikil. Eftir að allt er fallið í ljúfa löð dreg ég fram poka með gjöfum frá jólasveininum og vel það sem er viðeigandi hverju sinni en verð pínulítið hrygg yfir því að börnin hlýða honum þúsund sinnum betur en mér. Ég læðist inn í svefnherbergi barnanna og sting gjöf í skóinn um leið og ég passa að vekja þau ekki og brýt um leið allar reglur sem ég hef sett sjálfri mér sem foreldri, að vera heiðarleg við börn mín, og ljúga ekki að þeim. En mér finnst gaman að aðstoða jólasveinninn og ég þarf ekki að hafa nokkrar áhyggjur af því að ég leggi mig ekki alla fram í uppeldinu.

Þó þau viti að sjálfsögðu ekki hvað sjónarspil er í gangi, leika þau á samvisku mína eins og himneskan hörpustreng og legg ég mig alla fram við að þau nái fallegum hljómi. Vegna þess að sem foreldri í desember leggur maður sig allan fram við að hafa hlutina fullkomna, því jólin nú verða minning barnanna í framtíðinni. Þannig að maður rýkur úr vinnu á miðjum degi til að mæta eldhress á jólaball og ganga með barnið í kringum jólatréð í skarkala frá börnum og öðrum foreldrum. Skreytir piparkökukarla í skólanum á sunnudegi, mætir á tónleika, danssýningar, drekkur kaffi og kakó með kennurum, samnemendum og vinum, horfir á jólaleikrit og fer bæinn á enda til að finna jólagjöf á 300 kall og rétta kertið fyrir litlu jólin, á sama tíma og maður er að drukkna í vinnu, jólagjöfum og kortum og er í annarlegu ástandi vegna sólarleysis. Allt vegna þess að maður elskar þessi blessuðu börn meira en allt annað og leggur hvað sem er á sig fyrir þau.

En rétt eins og það, að mamma og pabbi láti sjá sig á opnu húsi í skólanum skiptir þau verulegu máli, skiptir það mömmu og pabba miklu máli að fá smá hvíld til að ráða við allt saman. Þannig verður jólasveinninn besti vinur foreldranna, sem nota hann óspart til múta litlu elskunum sínum og fá þau snemma í háttinn svo allir getir safnað orku fyrir næsta annríkisdag.



Börnin í bíó

Foreldrar sem vilja gera eitthvað sniðugt með börnunum sínum geta til dæmis skroppið með þau í bíó því nú fyrir jólin er verið að sýna fjöldann allan af skemmtilegum myndum fyrir börn í kvikmyndahúsum. Þar sem úrvalið er svo mikið ætti að vera auðvelt að finna einhverja mynd sem börnin hafa gaman af, sama á hvaða aldri þau eru.

Góður vinur barnanna

Börnin á Barnaspítala Hringins hafa eignast nýjan vin sem er ísbjörninn Hringur. Hlutverk Hringins verður að leiðbeina nýjum börnum um spítalann og fræða þau um hann, leika við þau og hugga ef á þarf að halda.

Hjónin Anna Marta Ásgeirsdóttir og Ingólfur Örn Guðmundsson fengu hugmyndina að Hring árið 2003 og þegar þau giftu sig tveimur árum seinna ákváðu þau að afþakka allar brúðargjafir en báðu veislugesti hins vegar frekar um að styrkja þau til þess að hugmyndin gæti orðið að veruleika. Alls söfnuðust 700 þúsund krónur í veislunni sem gerði þeim hjónum kleift að fá Mary Robinette Kowal brúðugerðarhönnuð með sér í lið til að útfæra hugmyndina. Þó að Hringur sé nú tilbúinn og mættur á spítalann er ennþá eitthvað eftir í sjóðnum og verður það fé notað til þess að borga leikurum sem taka að sér að vera í hlutverki hans. Meira þarf þó til svo hægt sé að tryggja reglulegar heimsóknir Hringins á spítalann í framtíðinni og hefur því verið stofnaður sérstakur reikningur í hans nafni sem allir geta lagt inn á. Númerið á bankareikningi Hringins er 513-14-606300 og kennitala hans 160273-3569.



Delicatessen
OSTABÚÐIN
SKÓLAVÖRDUSTÍG

Jólagjöfin handa þeim sem allt eiga!

Ostakörfurnar frá okkur eru tilvalin gjöf sem verður vel nýtt!

Taktu þátt í sælkeraleik á netinu.
www.ostabudin.is

Ostabúðin · Delicatessen · Skólavörðustíg 8 · Sími 562 2772 · ostabudin@ostabudin.is
Opit vika daga 11:00-18:00 · laugardaga 11:00-16:00

Hátíðarkaffi

stundin - bragðið - stemningin

TE & KAFFI

VERSLANIR: Krínglunni · Smáralind · Laugavegi 27 · Suðurverri · Akureyri · Egilsstöðum

SJÁLFLÍMANDI HNÍFAPARASKORÐUR

Hjálpa þér að halda öllu í skorðum í skúffum. Eining sjálflímandi filt til að klæða skúffur og filt með verjandi efni svo ekki falli á silfur og silfurplett. Við eigum líka fægilög, fægiklúta og ídýfulög til að hreinsa.

SENDUM Í PÓSTRÖFU.

Gullkistan - Frakkastíg 10 - Sími: 551-3160.

ROPE YOGA ROPE YOGA ROPE YOGA

Námskeið hefst 8. janúar

Morgun, hádegis og síðdegistímar
Skráning í síma 891 7190

Kennari:
Sigríður Guðjohnsen
www.sigga.is



Tryggvi Gunnarsson
segir kynjasögur

Skínandi sverð og frárfákur

Ég spurði strætóbílstjóra af hverju stétt hans byði ekki góðan dag að fyrra bragði. Hann svaraði að síðast þegar hann gerði það hefði hann verið kærður fyrir kynferðislega áreitni.

Svona erum við í dag. Pólitísk réttugsun og öfgakennd einstaklingshyggja hefur gengið af riddaramenskunni dauðri. Hin skínandi brynja sem eitt sinn var liggur nú í hillu úti í horni og ryðgar. Hvítí fákurinn liggur grindhóraður á stallinum og gónir mæddur út um gluggann í vonlausri bið. Hver sá sem vogar sér á bak honum er grýttur af samferðamönnum sínum. Herramenska er nefnilega ekki í tísku, og hefur ekki verið um langt skeið.

Ég er svo óheppinn að hafa fæðst í brynju og á þessum blessaða hesti (reyndar var móðir mín óheppnari því það er ekki auðvelt að fæða hest). Mér fannst frá blautu barnsbeini sjálf sögð skylda mín að leiða ömmu mína ef það var hálfka. Ég sagði „viltu gjöra svo vel“ og ég seldi myndir sem ég teiknaði til styrktar Rauða krossi Íslands. Ég fór með nýja stráknum í bekknum heim að leika svo hann myndi eignast nýja vini, og ég sat yfir besta vini mínum svo hann kláraði heimaðæmin. Við vorum sex ára.

Öllum fannst þessi riddaramenska voða sæt, enda eru flest börn voða sæt. Þegar ég varð unglingur var hún hins vegar talin furðuleg. Hvaða bólugrafni unglingur býður góðan dag? Fólk hélt undantekningalaust að þarna lægju einhverjar annarlegar hvatir að baki. Á þessum tímamarki var brynjan farin að láta á sjá. Dældir hér og þar og mestur gljáinn horfinn. Gæðingurinn hvítí var orðinn að dráttar-klár og vopnin flest bitlaus.

Ekki batnaði staðan er hvorpavitíð gerði vart við sig og ég fór að fara á stefnumót. Sjaldan hefur riddaramennskan átt jafn illa við.

Að opna dyr fyrir dömu á stefnumóti var hættulegt athæfi. Á grunni jafnréttis og femínisma vitum við jú öll að stelpur eru alveg jafn duglegar og strákar að opna dyr. Þær geta líka sest sjálfar og þó svo það kallaði ekki á skammir að draga út stól fyrir dömu voru miklar líkur á að maður væri talinn skritinn. Að borga reikninginn var hreint og beint lífshættulegt, maður gæti alveg eins kallað dömuna hóru.

Í stað þess að vera riddari varð ég argasti dóni. Á skömmum tíma varð það skárri kostur að berjast við dreka en að fara á stefnumót. Þar sem drekar eru ekki til hefði það kostað nokkurra mánaða dvöl á Kleppi að fara þá leið, svo ég gerði það eina í stöðunni. Ég slátraði hestinum og seldi brynjuna í brotajárn.

Árin liðu, ég opnaði ekki neitt fyrir neinum, og rokkið tók við af riddaramenskunni. Svo leiðis hef ég verið í nokkur ár en nú rís Fönixinn úr öskunni. Ég hef smíðað nýja brynju, brýnt vopnin, og er að leita að hesti við hæfi. Á nýju ári ætla ég að ríða um götur Reykjavíkurborgar, hjálpa gömlum konum, bjarga kettlingum úr trjám, opna dyr og draga út stóla.

Ég veit að ég á eftir að taka við nokkrum höggum og brynjan á eftir að beyglast en það er bara betra. Sársaukinn er tímabundinn, stelpur elska ör, og orðstír endist að eilífu.



HÁTÍÐAR OPNUNARTÍMAR:

14 - 22 des. 10 - 22

Porláksmessa: 10 - 23

Aðfangadagur: 10 - 12

Jóladagur: Lokað

Annar í jólum: Lokað

27 - 30 des.: 10 - 18

Gamlársdagur: 10 - 12

Nýjársgdagur: Lokað

UNIKA

Fákafeni 9 Sími: 568 6700

www.unika.is

GÓÐ GJÖF SEM ALLIR Á HEIMILINU GETA NOTAÐ!

Nýlegar rannsóknir benda til þess að notkun á húð- og hárvörum sem innihalda ólífuolíu gerir það að verkum að það hægir á hrörnum fruma og dregur úr öldrun.



Haltu húðinni þinni í sínu besta formi og notaðu OLIVIA.



Vörurnar fást í verslunum Hagkaupa, Fjarðarkaup og Samkaup Úrval um land allt.



JÓLIN ERU HEIÐIN HÁTÍÐ þar sem sólinni og frjóseminni er fagnað og jóllaleikrit Þjóðleikhússins á vel við í þeim skilningi því þar flæða þrúgnu gullnu tárinn úr fótsporun vín- og frjósemis-guðsins Díónýsosar í leikritinu Bakkynjurnar eftir Evripídes. Stefán Hallur Stefánsson fer með hlutverk Díónýsosar, sem margir þekkja betur sem hinn rómverska guð Bakkus.

Viðtal: BRYNHILDUR BJÖRNSDÓTTIR
Myndir: VALLI OG ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Hver þarf ekki á góðum harmleik að halda?

Hvernig tilfinning er að vera boðið að leika Bakkus sjálfan?

„Hún er mjög góð,“ segir Stefán Hallur. „Díónýsos er holdgeringur hins margbrotna eðlis mannskepnunnar. Það er mikil ögrun að takast á við hlutverkið og þannig hefur vinnsluferlið verið, ótrúlega gaman og ótrúlega krefjandi.“

Leikstjóri og útlitshönnuður sýningarinnar, þeir Giorgos Zamboulakis og Thanos Vovolis, eru báðir frá Grikklandi og hafa unnið í Þjóðleikhúsinu áður að sýningunni Mýrarljósi þar sem óvenjulegar leiðir voru farnar í förðun og búningum. Stefán Hallur segir mikið lagt upp úr útliti þessarar sýningar líka.

„Hvert smáatriði er þaulhugsað enda eru þeir búnir að vinna að þessari uppsetningu í eitt og hálf ár. Það er ástæða fyrir hverju smáatriði og allt tengist innbyrðis hvort sem það er búningar, smink, leikmynd eða ljós þá hangir það allt á þessu stóra konsepti sem þeir bjuggu til,“ segir hann og auðheyrir að hann ber mikla virðingu fyrir því verki sem unnið hefur verið.

Hvað er skemmtilegast við að leika hinn hömlulausa og tryllta Díónýsos?

„Ætli það sé ekki einmitt það að fá að sleppa sér og leyfa dýrinu að leika lausum hala. Það er grunnt í dýrslega eðlið í mannskepnunni og það er gaman að fá að sleppa því út stundum. Túlkunin á persónunni byggist á þessu dýrslega, þessum frumkrafti sem býr í okkur öllum, hinu skapandi elementu sem vegur upp á móti hinu rökræna í okkur. Manneskjan er ofurseld sínu tvíeðli og þarf sífellt að samræma andstæðurnar í sjálfri sér. Það er gaman stundum að fá að sleppa einhverju einu elementu algerlega lausu.“ Honum finnst fólk reyndar þurfa afskaplega lítið til að sleppa dýrinu í sér lausu. „Það þarf ekki annað en að fara niður í miðbæ á föstudags- eða laugardagskvöldi til að sjá Díónýsos geisa í öllu sínu veldi. Þar hjálpar vénið til við að slökkva á siðferðinu og rökhugsuninni og þannig nær hann undirtökunum. Þegar duflað er við Díónýsos er mjög fín lína milli gleðinnar og vímunnar sem hjálpar okkur að sleppa okkur og leita

að innri kjarnanum í sjálfum okkur og tryllingnum.“

Hann segist ekki alveg geta svarað því hvernig Díónýsos verði í hans meðförum. „Ég hef oft spurt sjálfan mig „Hvernig leikur maður guð?“ og ég er ennþá ekki alveg búinn að svara þessari spurningu. Ég vona bara að áhorfendur í Þjóðleikhúsinu geti svarað henni með mér.“

Mörgum kynni að þykja Þjóðleikhúsið seilast harla langt aftur í tímann við val á stærstu frumsýningu ársins en Stefán Hallur segir verkið búa yfir tímalausum boðskap. „Við fyrsta lestur las ég verkið sem harmleik en það er svo miklu meira í þessu verki en bara það. Til dæmis er þar að finna ádeilu á stjórnvöld og dramb, kúgun og valdhroka, pælingar um stöðu og hlutverk kvenna í samfélaginu, Persaflóastríðið og George Bush. Þú finnur það sem þú ert að leita að í þessari uppsetningu, hvort sem það er skemmtun, fegurð í formi og mynd eða bara góður harmleikur. Hver þarf ekki á góðum harmleik að halda?“



HEILSU**bir**ta

● á blaupum



Fjölbreytt hreyfing er mikilvæg til að viðhalda góðri heilsu og efla almenna vellíðan. Við hittum Ágústu Johnson, framkvæmdastjóra Hreyfingar, og spurðum hana um það helsta sem væri á döfinni hjá Hreyfingu á nýju ári.

Ágústa segir Hreyfingu bjóða fjölbreytt úrval námskeiða og annarra þjálfunarleiða og að eitt mikilvægasta verkefni starfsfólks Hreyfingar sé að leggja sitt af mörkum til að hvetja fólk til að leggja stund á reglulega hreyfingu og heilbrigðan lífsstíl. "Fólkið sem æfir hjá okkur hefur mismunandi áherslur. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins hefur t.d. æft hjá okkur um árabil en þeir þurfa að vera í topp formi til að geta tekist á við starf sitt. Þarfir þeirra eru aðrar en þeirra sem æfa til að viðhalda daglegri orku og okkur finnst ánægjulegt að finna hversu margir finna sér æfingaleið við hæfi hér í Hreyfingu," segir Ágústa.

"Mættu til að vinna" er sniðið að þörfum þeirra sem eru að hefja líkamsrækt og þurfa hvatningu til að mæta reglulega og gera með því hreyfingu hluta af daglegu lífi. Hvatningakerfið er einfalt og hnitmiðað og felst í því að fólk gengur í Bónusklúbb Hreyfingar og fær einn tíma með einkaþjálfara sem inniheldur tækjakennslu og æfingaprógramm ásamt Hreyfingarbol og vatnsflösku án aukakostnaðar," segir Ágústa. Hvatningin heldur áfram ef fólk mætir a.m.k. vikulega á þriggja mánaða tímabili en þá getur fólk t.d. átt kost á að eignast vandað sporthandklæði eða fallega ípróttatösku.

Ágústa segir að eftirspurn hafi verið eftir skemmtilegu námskeiði fyrir unglingsstúlkur. Ákveðið var því að bjóða námskeiðið "Stelpur 13-15 ára" sem hefst 8. janúar. "Námskeiðið er 8 vikna námskeið undir leiðsögn Kristins Mána Þorfinnssonar þar sem markmiðið er að hreyfa sig og hafa gaman að því. Pallar, tæbó, dans og stöðvahringir er meðal þess sem verður í boði á þessu líflega námskeiði," segir Ágústa.

Betra form námskeiðin hafa skapað sér fastan sess í starfsemi Hreyfingar en þau eru nú í boði 17. árið. "Betra form SEX er frábær nýjung þar sem þátttakendum gefst kostur á að prófa mismunandi æfingaaðferðir á einu námskeiði, en námskeiðið byggir á Pilates, pallapþjálfun, tækjapþjálfun, Salsa, Tæbó og hjólþjálfun," segir Ágústa.

Jump fit er enn ein nýjungin sem Hreyfing býður, en Jump fit þar sem sippað er í takt við tónlist er ein heitasta nýjungin í líkamsræktargeiranum í dag. "Jump fit er alhliða líkamsþjálfun þar sem fólk öðlast aukið þol, styrk og nær hámarks árangri á aðeins 30 mínútum" segir Ágústa og bætir við að tímarnir henti vel þeim sem vilja komast í mjög gott form á skömmum tíma. Tímarnir eru undir leiðsögn Valdísar Sigþórsdóttur en hún hefur aflað sér sérþekkingar á þessu sviði.



Betra Form

Námskeið í stöðugri þróun til að þú náir árangri.



Pátttakendur fá afslátt af fatnaði og snyrtivörum í Debenhams

ÁRANGUR

8 vikna námskeið fyrir konur

Í 16 ár höfum við hjálpað þúsundum kvenna að léttast, auka líkamlegt þrek og andlega velliðan. Bestu meðmælin eru allar þær ánægðu konur sem náðu sínum markmiðum. Nú er komið að þér!

Skráðu þig strax í síma 414 4000 eða með tölvupósti á afgreidsla@hreyfing.is

Morgunhópar
Daghópar
Kvöldhópar
Framhaldshópar
Barnagæsla

Innifalið:

- Þjálfun 3-5x í viku - frjáls aðgangur að tækjasal og opnum tímum.
- Markviss leið að árangri með réttu mataræði. Fræðslufundur með Ólafi G. Sæmundssyni næringarfræðingi á Grand hótél í upphafi námskeiðs.
- Vikuleg vigtun, Ummáls- og fitumælingar í upphafi og lok námskeiðs.
- Markvisst fræðsluefni vikulega og mikið aðhald.
- Lögmálin 9 um megrun - bókinn sem opnar augu þín fyrir leiðinni að varanlegum árangri og hjálpar þér að viðhalda árangrinum eftir að námskeiðinu lýkur.

Gott aðhald, mikill stuðningur og fræðsla

Hefst 8. jan.

HREYFING

Faxafeni 14 414 4000 www.hreyfing.is

BETRA FORM x 6

Við setjum saman nýjan hóp sem fer í gegnum sex mismunandi tegundir þjálfunar á námskeiðinu. Við hvetjum þig að skrá þig ef þú vilt prófa eitthvað nýtt og skemmtilegt. Þú kemst í toppform!

ÁRANGUR 1,2,3
TÆKJAPJÁLFUN

HJÓLAPJÁLFUN

PALLAPJÁLFUN

PÍLATES

SALSA

TÆBÓ &
TEYGJUR

FIMM LEIÐIR TIL AÐ LÉTTAST

Eitt algengasta áramótaheitið gengur út á að bæta mataræðið og byrja að stunda hreyfingu. Suma langar til að missa nokkur kíló, aðrir vilja gera stórátak, gerbreyta lífsstíl sínum og missa tíu kíló eða meira. Hvort sem þetta snýst um að passa aftur í gallbuxurnar eftir jólin eða fá algerlega nýtt útlit eru eftirtaldir aðferðir góðar og gildar leiðir til að losna við þessi ansans aukakíló.

TELDU HITAEININGARNAR

Allt of mörg okkar borða of margar hitaeiningar miðað við hversu mikið við hreyfum okkur.

Samkvæmt manneldisráði er mælt með því að konur neyti um 2000 hitaeininga á dag en fyrir konur sem eru í átaki er heppilegt að neyta um 1300-1600 hitaeininga á dag, misjafnt eftir hæð og beinabyggingu.

Þetta þýðir að sitthvað þarf að fjúka af matseðlinum og aukaskammtar á diskinn eru liðin tíð. Smjör, rjómi og hvers kyns sætindi verða að bíða betri tíma. Til þess að vita hversu margar hitaeiningar við erum að innbyrða er hægt að lesa á umbúðirnar en svo má líka kaupa bækur um næringargildi matvæla og finna lista yfir þetta á netinu.

ENGIN KOLVETNI EFTIR KLUKKAN ÞRJÚ

Ein aðferð til að léttast gengur út á að borða ekkert brauð, eða önnur kolvetni (pasta, hrísgrjón eða brauðmeti) eftir klukkan þrjú á daginn. Þannig máttu borða kolvetni á morgnanna og í hádeginu, pínulítið í kaffinu (t.d. hrökkbrauð) en eftir það áttu að láta slíkt eiga sig. Salat og próteinfæða, t.d. fiskur og fitulítið kjöt er í lagi í kvöldmatinn og helst á að borða hann klukkan sex og ekkert eftir það. Rösklegir göngutúrar fyrir morgunmatinn eiga líka eftir að flýta fyrir ferlinu svo um munar.

FÆÐUBÓTAEFNI

Sé þeirra ekki neytt í of miklu magni eru fæðubótaefni á borð við margs konar hristinga tilvalin leið til að léttast. Skiptu út tveimur máltíðum á dag fyrir einhvers konar fæðubótahristing sem inniheldur



næringu og hóflega margar hitaeiningar og árangurinn ætti ekki að láta á sér standa, svo lengi sem þú lætur allt „svindl“ eiga sig.

HLAUPTU STÚLKA, HLAUPTU

Að örva hjartsláttinn hefur jákvæð áhrif á brennslu hitaeininga. Að fara út að hlaupa eða skella sér í líkamsræktina og nota færiband til þess arna er líka tilvalin leið til þess að auka þrek og þol, styrkja hjartað og brenna aukakílóum af líkamanum. Best er að láta það verða sitt fyrsta verk á morgnanna að hlaupa í hálf tíma til klukkustund, fyrir morgunmat, en með því brennir líkaminn þeirri fitu sem er fyrir á líkamanum. Svo er bara að gæta að því að verðlauna sig ekki fyrir hlaupin með því að borða fimm ristaðar franskbrauðsneiðar með smjöri og osti og drekka latte með.

LYFTINGAR

Vöðvar brenna fitu. Þetta er einföld staðreynd. Að styrkja vöðvana hefur krefjandi

áhrif á líkamann. Hjartsláttur örvast, vöðvarnir stinnast og um leið minnkar ummál mittis, rass og læra. Best er að lyfta annan hvorn dag því vöðvarnir þurfa tíma í hvíld til að byggjast upp að nýju. Svo er nauðsynlegt að borða prótein, t.d. skyr eða harðfisk, fljótlega eftir æfingu til þess að vöðvarnir verði fyrir til að taka við sér.

... þessum aðferðum má einnig blanda saman að vild. Til dæmis er hægt að fara hitaeiningaleiðina, hreyfa sig og sleppa kolvetnum eftir þrjú og bæta við þetta fæðubótadrykkjum og göngutúrum. Sé ráðist í slíkar breytingar er nauðsynlegt að hafa markmiðið skýrt og efla með sér aga og úthald. Gott er að mæla árangurinn annað slagð, þá með því að stíga á vigt eða mæla ummál mittis, mjaðma og læra og þegar settu marki er náð, má minnka prógrammið þannig að minni tími fari í þetta en árangurinn haldist.



VIÐ BJÓÐUM UPP Í DANS

Mambó
Tjútt
Freestyle
Break
Salsa
Brúðarvals
Barnadansar
Samkvæmisdansar
Sérnámskeið fyrir hópa
Nýjustu tískudansarnir
Börn – Unglingar – Fullorðnir

Innritun og
upplýsingar
í síma 553 6645
eða á dansskoli.is

Ýmis starfsmanna- stéttar- og sveitarfélög
veita styrki vegna dansnámskeiða.



Flestir sem hafa prófað þetta lífræna fjölvítamín segja “ég get ekki án þess verið, ég finn svo mikinn mun og líður svo mikið betur”.

Lifestream Spirulina Super fæðufjölvítamín.



Sjöfn Jónsdóttir; 47 ára, sex barna móðir og tvöföld amma.

Lifestream Spirulina hefur slegið í gegn og vinsældir þess eru miklar, þeir sem taka það inn finna að þeir losna við þreytu, slen og pírting þeim gengur betur að einbeita sér og muna allt það sem nútíma folk þarf að muna .

Upp til hópa þjáist fólk á öllum aldri af stressi, þreytu og heilsvillum, mikið af þessu má rekja til ónógrar næringaefna í fæðunni, því með “venjulegu fæði” er erfitt að tryggja sér öll þau næringaefni sem líkaminn þarfnast. Spirulina er ekki bara vinsælt hjá almenning, afreksfólk í íþróttum, dansarar og þeir sem þurfa mikla orku og þol gefa Spirulina afbragðs meðmæli. Ef Spirulina er tekið inn rétt fyrir æfingar eða líkamsræktina gefur það betri árangur aukið þrek, úthald og einbeitingu.

Líkaminn nýtir næringarefnin í Spirulina betur en í nokkurri annari fæðu, næringin flyst og virkar svo fljótt út í líkamann að maður finnur mun klukkutíma eftir inntöku því er kjörið að taka Spirulina inn síðdegis þegar þreyta og slen hellist yfir okkur. Spirulina er algerlega laust við þær aukverkanir sem fylgja kaffi og mörgum orkudrykkjum. Það er frábært að eiga enn til orku og kraft þegar heim er komið eftir vinnu í staðinn fyrir að vera úrvinda.

Sérstakt er að Spirulina er ekki bara öflugt sem vörn gegn umgangspæstum og kvefi heldur hreinsar það úr líkamanum aukaefni, mengun þungmálma og geislun.

Hress og hraust í ræktina og vinnu með *LifeStream* Spirulina!

Þaði R. Kristleifsson, 18 ára
Lifestream Spirulina gefur mér
mjög mikla orku en ég finn ótrúlega
mikinn mun þegar ég tek það inn.
Þó svo að ég borði mjög hollt fæði er
það Spirulina sem gerir mér kleift
að hafa orku í allt sem þarf að gera
en ég er í skóla, vinnu, líkamsrækt
og æfi fótbolli. Hef miklu meiri
úthald og er hressari á morgnana.

Lífrænt Fjölvítamín

29 vítamín og steinefni · 18 aminosýrur · Bláðgræna · Omega
GLA fitusýrur · SOD eitt öflugasta andoxunarensím líkamans
Eingöngu lífræn næringarefni tryggja betri upptöku og nýtingu í líkamanum.

Greinilegur munur eftir
nokkra daga inntöku

Aukið úthald, þrek og betri líðan

Til að fá jafnmikið af nokkrum völdum næringarefnum og í dagskammti
af Lifestream Spirulina þarf að borða:

- 7 gulrætur (betakarotín)
- 1 skál af fersku spinati (járni)
- 1 skál af hiðishrisgrjónum (kalíum)
- 1 glas af mjólk (kalk)
- 125gr. nautakjöt (prótín + B12 vítamín)
- 30gr. hveitigrassafa (bláðgræna)
- 1 hylki Kvöldvorósalía (GLA fitusýrur)

Styrkir þjótt líkamann gegn kvefi og flensu

WHO Alþjóðlega Heilbrigðisstofnunin telur hágæða Spirulina ákjósanlegan
næringarauka fyrir börn og fullorðna. Mörg hundruð rannsóknir hafa verið gerðar á
Spirulina og fjöldi þeirra hefur birst í virtum vísindaritum. Lifestream Spirulina eflir
einbeitingu, gefur orku, dregur úr þirringi, sleni og sætindaþörf.
Gott fyrir alla sem eru í vinnu, námi og vilja halda línunum í lagi.

Súrefnistæmir umbúðirnar til að vernda næringarefni.

Lifestream þörungarnir eru ómengaðir vegna þess að þeir eru ræktaðir í
ferskvatni eftir ströngum gæðastaðli. ISO9001 · ISO14001



Hámarks fitubrennsla..
í flösku!



PRECISION

Fitubrennsla • Orka • Einbeiti

Svarar þorsta, grennir, eyk

Fáanlegur í öllum betri heilsuræktarstöðvum, matvöruverslunum og bensínstöðvum.
Nánari upplýsingar um Precision Burner Light fást í síma 555-2866 eða á www.eas.is.

ng **BURNER** **Light**



ur orku... sniðinn að þínum þörfum!

Nýr og ennþá betri Precision Burner Light
kemur í verslanir 15. janúar 2007.



EAS

ORKA · GRENNING · STYRKUR

Haltu þér í horfinu yfir jólin

Já, allir vita hvað jólin geta verið hættuleg heilsunni með tilheyrandi ofneyslu og hreyfingarleysi. Þó fæstir grennast yfir jólin er alveg óþarfi að fitna og hækka blóðþrýsting og fituhlutfall í líkamanum. Fylgdu ráðum Birtu til að halda skaðanum í lágmarki fyri jólin.

Fáðu þér stórt glas af volgu vatni með sítrónusneið á hverjum morgni á fastandi maga. Þannig bætirðu meltinguna og gefur líkamanum tækifæri til að hreinsa sig áður en næsta átveisla hefst. Svo geturðu úðað í þig smákökum.



Þegar jólasulturinn sverfur að með tilheyrandi sætindapörf, fáðu þér þá fyrst epli eða mandarínu. Ávextir eru sætir á bragðið og jafnvel þó áþeir fullnægi ekki sykurþörfinni þá færðu þér kannski aðeins færri konfekt-mola en annars.



Skemmtu þér vel um jólin og reynda að hlæja innilega að minnsta kosti einu sinni yfir hátíðirnar. Hlátur eykur blóðflæðið í líkamanum og er auk þess frábær fyrir magavöðvana.

Vertu sá eða sú sem ber út pakkana, ferð með diskana fram í eldhús og hleypur niður til að sækja meira jólaöl. Svona snatt brennir ótrúlega mörgum hitaeningum.



Reyndu að komast út fyrir dyr á hverjum degi. Ef veður og vegalengdir leyfa skaltu labba í jólaboðið. Það hressir þig við og sparar taugatrekkjandi leit að bílastæði í götunni. Þú færð alltaf far með einhverjum til baka.



Nagla & Airbrush skóli Hafnarsports.

Viltu gerast naglafræðingur?

Viltu fá ókeypis kennslu í vönduðustu brúnkumeðferðum?

Hringdu núna: 5173700 / 8202188

naturasun
pure natural spray tanning

dreifingaraðili: Hafnarsport ehf. sími: 5173700 / 8202188 / 6613700

www.hafnarsport.is / hafnarsport@simnet.is



Stelpur Konur

Staðurinn - Ræktin

25%
jólaafsláttur
af 4 mánaða kortum
í opna kerfinu

Innritun á öll námskeið í síma 581 3730:

- **TT 1 Vertu í góðum málum!**
Átaksnámskeiðin sívinsælu fyrir konur á öllum aldri
Lokuð 9 vikna námskeið, 3 x í viku
- **TT 2 Vertu í góðum málum!**
Lokuð 9 vikna framhaldsnámskeið eftir TT 1
- **TT 3 og 4 Taktu þér tak!**
Lokuð 6 vikna átaksnámskeið 3 x í viku
fyrir stelpur 16-20 og 21-30 ára
- **Rope Yoga**
Heildrænt hug- og heilsuræktarkerfi
Lokuð 6 vikna námskeið 2 x í viku
- **60 +**
Líkamsrækt fyrir konur 60 ára og eldri
Lokuð 6 vikna námskeið 2 x í viku
- **Mömmumorgnar**
Lokuð 6 vikna námskeið 2 x í viku
- **Meðgönguleikfimi**
Lokuð 6 vikna námskeið 2 x í viku

Glæsilegur nýr tækjasalur!

Vertu velkomin í okkar hóp!

Opna kerfið

Við bjóðum
fjölbreytta tíma í sal,
margvísleg námskeið, tækjasal og leiðsögn

Pinn tími er kominn!

1. Almenn þjálfun, þol, styrkur og liðleiki
2. Púltími, hressileg upphitun, ýmist á palli eða gólfi, styrktar- og liðleikþjálfun
3. Pallatími, samsett spor, mikil brennsla
4. Lóðatími, upphitun ýmist á palli eða á gólfi, unnið með þyngd og mótstöðu, lóð, stangir, teygjur
5. Liðleikþjálfun, upphitun, styrktar- og slökunarteygjur
6. Yoga
7. Bræðingur, líkamsrækt með dansívaði, salsa, mambo, samba, jazz, funk og stuð.
8. Sprengitími, 30 mínútna hádegispúl
9. Stöðvabjálfun, fjölbreyttir vaxtamótunartímar

Barnagæsla - Leikland JSB

DANSRÆKT JSB
leggur línurnar



SNYRTI-AKADEMÍAN

SNYRTISKÓLI - NAGLASKÓLI - FÖRÐUNARSKÓLI - FÓTAAÐGERÐASKÓLI

Kynning

Snyrti-Akademían í Kópavogi rekur fjóra glæsilega skóla á sviði fegurðar, þessir skólar eru: Snyrtiskólinn sem byrjaði haustið 2002, Förðunarskólinn (áður Förðunarskóli No Name) sem hefur starfað frá 1997, Naglaskóli Professionalis sem hefur starfað síðan 1999, fjórði skólinn Fótaaðgerðaskólinn mun byrja rekstur árið 2007.

Hefur þig langað til að læra snyrtifræði, förðun, naglaásetningar eða fótaaðgerðafræði? Láttu drauminn rætast og kynntu þér fjölbreytta og faglega námskrá Snyrti-Akademiunnar, nám sem býður uppá mikla starfsmöguleika, bæði innan lands og erlendis.



Aðalbjörg Einarsdóttir, naglafræðingur

Ég valdi Naglaskóla Professionalis hjá Snyrti-Akademiunni vegna þess að ég var búin að heyra svo margt gott um skólann og vörurnar. Það sem gerði skólann einnig áhugaverðan og góðan kost fyrir mig var hve er auðvelt að stunda hann með vinnu og heimili. Frá því að ég byrjaði í skólanum hef ég byggt upp góðan kúnnahóp sem fer sífellt stækkandi enda hef ég mikinn metnað í því sem ég er að gera og tekjur mínar hafa vaxið til muna.



María Erna Jóhannesdóttir, Snyrti- nagla og förðunarfræðingur

Ég útskrifaðist árið 2000 sem förðunarfræðingur og naglafræðingur frá Förðunarskólanum og Naglaskóla Professionalis sem nú tilheyrir Snyrti-Akademiunni. Í framhaldi af því tók ég námskeið í sprautubrúngu og varanlegri förðun(tattú). Ég vinn nú í Borgarleikhúsinu við förðun og á snyrtistofunni Paradís. Námið í Snyrti-Akademiunni lagði grunn að því sem ég er að gera í dag enda mjög skemmtilegt og gefandi nám.



Sigrún Hannesdóttir, förðunarfræðingur

Ég er 45 ára og hef verið heimavinnandi húsmóðir undanfarin ár, en í september á þessu ári lét ég gamlan draum rætast og dreif mig í 14 vikna förðunarnám hjá Snyrti-Akademiunni. Ég tel að það sé aldrei of seint fyrir konur að framkvæma það sem þær hafa áhuga á og langar til. Konur á öllum aldri eiga heima í þessu námi. Ég hef stundað nám við skólann með frábærum stelpum á öllum aldri. Á námstímanum hefur okkur boðist ýmis verkefni, sem tengjast náminu, en margir aðilar leita til skólans með verkefni. Ég tók þátt í förðunarkeppni nema á Konan 2006, og lenti í 1. sæti. Einnig hef ég tekið þátt í verkefnum, sem mér hafa boðist í gegnum skólann þar á meðal, að farða fyrir tiskusýningar og tímarit. Förðunarskóli Snyrti-Akademiunnar er alveg frábær skóli, en á bak við skólann standa yndislegir kennarar þær Anna Rún og Kolbrún Pálína sem búa yfir mikilli fagmennsku. Viðmót starfsfólks í skólanum er líka alveg meiri háttar, þar er tekið á móti manni á hverjum degi með bros á vör.

TÍSKU- OG LJÓSMYNDAFÖRÐUN

Í fararbroddi í 10 ár

VIRTUR SKÓLI-SPENNANDI NÁM:

Förðunarskóli Snyrti-Akademíunnar (áður Förðunarskóli NO NAME) hefur verið starfandi frá 1997 og fagnar því 10 ára starfsafmæli á næsta ári. Yfir 1000 förðunarfræðingar hafa útskrifast úr skólanum frá upphafi enda er skólinn þekktur fyrir metnaðarfulla kennslu. Kennarar skólans hafa allir mikla starfsreynslu og eru starfandi við öll helstu tímarit landsins. Nemendur fá að spreyta sig á spennandi verkefnum á námstíma og eru sendir í verkefni á vegum skólans. Sérstakir myndadagar þar sem nemendur vinna með atvinnuljósmyndara að lokaverkefni sínu.

NÁM Í BOÐI:

Tísku- og ljósmyndaförðun

6 vikur- Grunnur
14 vikur- Grunnur og framhald.

Leikhús- og kvikmyndaförðun

Stutt hnitmiðað námskeið fyrir förðunarfræðinga sem gefur innsýn í heim leikhúsa og kvikmynda.

Airbrush námskeið

Helgarnámskeið, grunnur fyrir förðunarfræðinga.

Stutt förðunarnámskeið

Ein kvöldstund í dag- og kvöldförðun. Fyrir litla hópa og einstaklinga.

Ljósmyndari: Hörður Sveinsson Förðun: Sigrún Hannesd.




NÝ VEFSÍÐA
www.snyrtiakademian.is

Förðun: Auður Kristín Þorgeirsdóttir



Nýtt 14 vikna námskeið hefst 15. janúar nk.

Innritun hafin í síma 553-7900 eða á skoli@snyrtiakademian.is



Kennarar og förðunarmeistarar;
Anna Rún, Áslaug Dröfn og Kolbrún Pálína



SNYRTI-AKADEMÍAN

SNYRTISKÓLI - NAGLASKÓLI - FÖRÐUNARSKÓLI - FÓTAADGERÐASKÓLI

Heimilið

PRÝTT MEÐ MAT

Fallegur matur er tilvalinn til skreytingar á jólum. Negulnaglar í appelsínum eða epli og reyniber í skál eru einfalt og fallegt skraut, en piparkökukarlar og kerlingar eilítið grallaralegt skraut sem lífgar upp á heimilið. Heilmargt annað kemur til greina. Pistasiur og aðrar hnetur í stjörnu- eða hjartalaga skálum, epli í skál með flótkertum eða kanilstangir í rauðum borða.



Jóla birta

● *Matur og vín*



Hvað eigum við að hafa með hamborgarhrygg?

Gerðu jólamatinn með góðu



Flott Morandé Merlot frá Chile

PABLO MORANDÉ vann hjá hinum virta vínframleiðanda Concha y Toro fram til ársins 1982. Þá stofnaði hann sitt eigið fyrirtæki í félagi við nokkra lykilmenn Concha y Toro. Pablo Morandé ákvað að reyna fyrir sér á nýjum slóðum og plantaði sínum fyrsta vínvið í Casablanca Valley, þar sem lítil reynsla var af vinnrækt.

Víngerðahús Morandé, Peleguén, er staðsett í Rapel Valley rétt utan við Santiago. Húsið þykir eitt það tæknilegasta í Chile um þessar mundir.

Morandé notar bæði franska og ameríska eik í tunnur sínar og blandar jafnvel saman eikartegundum til að fá út skemmtileg, flókin og spennandi vín.

Morandé Grand Reserve Merlot

SÉRVALDAR ÞRÚGUR eru notaðar í þetta vín. Gæði þrúganna koma sterklega í ljós við smökkun, því vínið er sannkölluð ávaxtasprengja en um leið ótrúlega milt og þægilegt. Vínið er látið gerjast í stáltönkum og síðan látið liggja í frönskum eikartunnum í sjö mánuði. Það verður til þess að bæta töliverðum vanillukeim í bragð þess. Þetta er vín í hæsta gæðaflokki vinnanna frá Morandé. Sannkallað sælkeravín sem þykir betra í hvert skipti sem þess er neytt.

Vínið er þægilegt að það getur gengið bæði með djúpum fiskréttum með rauðvínssósum sem og steikum. Hamborgarhryggur er eitthvað sem kallar fram ákveðið, en bragðgott vín. Og er einmitt þetta vín hugsað sem þannig.

enn betri víni sem passar!

Duval - Leroy „Paris“

DUVAL EKKJAN er ein af þeim frægustu í kampavínheiminum, sem er sérheimur útaf fyrir sig. Hún hefur nú farið sigurför um allan heim, og sett sinn stimpil á markaðinn. Að undanfögnu hafa birst margar greinar, bæði í Wine Spectator og öðrum virtum tímaritum, um að þetta sé næsti heimsrisi í kampavínnum. Ávaxtaríkt vín með talsverðum eplakeim í fyrirrúmi. Það eru fallegar og fingerðar bólur, sem er í sjálfu sér gæðamerki. Bragð er örlítið sætt í eftirbragði, sem gefur okkur til kynna að hér er kampavín sem er vel gert og í góðu jafnvægi við sýrurnar. Þetta er vín sem getur farið með öllu, hvaða matur sem er á við. Það hefur löngum verið talið að ef menn eru ekki alveg vissir hvað er gott með hverju, þá er frábær kostur að velja kampavín. Partur af þessu er svo að sjálfsögðu rómatíkin og ástin, sem alla jafna fylgir þessum drykk. Njótið þess að vera til og veitið ykkur hreina ánægju með góðu kampavíni.





Skál!

Og tappinn flýgur úr flöskunni!

Það er fátt hátíðlegra. Martini Asti freyðivínið hentar einstaklega vel til að skála inn nýja árið.

Martini Asti er milli sætt freyðivín og hefur frábært jafnvægi milli sykurs og síru sem gerir það ferskt og ávaxtaríkt.

Martini Asti kostar aðeins 790 kr. og fæst í öllum Vínbúðum.

Hagkaup

Bjóða einfaldlega meira úrval



Jack ávöxtur



Ung kókoshneta



Trétómatur



Broddmelóna



Dreka ávöxtur



Guave



Granatepli



Curuba



Ramboutan



Stjörnu ávöxtur



Grenadilla



Kaktus fíkjur



Maracuya



Ferskar fíkjur



Ástríðu ávöxtur



Durian



LEONARDO: *Vínsamlag bændanna í Vinci*

Smábærinn Vinci er í hjarta Chianti-svæðisins í Toskana, vestan við Flórens. Bærinn er frægastur fyrir að vera heimabær listamannsins, vísindamannsins og þúsundþjalasmiðsins Leonardos sem kenndi sig einmitt við bæinn og kallaði sig Leonardo da (frá) Vinci. Undanfarin ár hefur vínsamlag bænda í Vinci vakið mikla athygli fyrir vín sem þykja með allra bestu vínnum svæðisins. Vínsamlagið heitir Delle Vigne en selur vínin undir nafninu Cantine Leonardo da Vinci. Flöskurnar eru skreyttar með verkum meistarans á afar skemmtilegan máta.

Vín hefur verið ræktað í þúsundir ára á svæðinu og á dögum Leonardos ræktuðu bændurnir í Vinci einkum vín fyrir aðalsættirnar í Flórens, eins og Medici-ættina.

Vínsamlagið hefur starfað í rúma fjóra áratugi en skaust upp á stjörnuhimininn á síðasta áratug eftir að ákveðið var að framleiða hágæðavín, en oft hefur það viljað loða við vínsamlög bænda að leggja meiri áherslu á einföld borðvín í miklu magni. Þetta frumkvæði bændanna hefur skapað þeim ómælda virðingu.

Hér á landi fást tvö vín frá Leonardo í Vínbúðunum. Annars vegar vínið Leonardo Chianti Riserva sem kostar 1.660 kr. og hins vegar Leonardo Chianti sem kostar 1.190 kr. og þykir með allra bestu kaupum. Það var valið vín mánaðarins í Gestgjafanum á sínum tíma og segir Þorri Hringsson í umsögn sinni: „Ákaflega vel gert og aðlaðandi Chianti-vín og ekki spillir að verðið er sérlega gott sé miðað við gæðin.“



VEUVE CLICQUOT: *Gula ekkjan*

Saga Clicquot-kampavíns hófst árið 1772 er Philippe Clicquot giftist fröken Muiron en heimanundur hennar var átta hektarar af vénekrum í grennd við Bouzy. Sonur hans, Francois, giftist Nicole Barbe-Ponsardin árið 1799 og ungu hjónin keyptu vénekrurnar og stórjuku framleiðsluna. Skömmu síðar, eða árið 1805, lést Francois og eftir að hafa syrgt bónda sinn í fjóra mánuði ákvað ekkjan Clicquot-Ponsardin að helga sig rekstri fyrirtækisins og nafn þess breyttist í „Veuve Clicquot-Ponsardin“ eða „Ekkjan Clicquot-Ponsardin“. Fljótlega fékk kampavínið viðurnefnið „gula ekkjan“ eftir miðanum á flöskunum.

Ekkjunn tókst að afla kampavíni sínu vinsælda um alla Evrópu. Prússlandskonungur drakk svo mikið kampavín að hann var stundum nefndur „Clicquot konungurinn“. Þekktust er þó ekkjan fyrir að hafa uppgötvað og þróað snúningsaðferðina „rémuage“, sem nú er notuð í allri kampavínsframleiðslu til að losna við botnfall er myndast við síðari gerjun vínsins. Enn í dag er Veuve Clicquot eitt vinsælasta og virtasta kampavín heims og vinsældir þess meðal kóngafólks hafa síður en svo dvínað.

BRUT

Þetta er hið sígilda kampavín fyrirtækisins og auðþekkjanglegt á hinum gula miða sínum.

Þrúgunnar pinot noir og ögn pinot meunier eru ríkjandi í blöndunni en chardonnay gefur þessu kampavíni jafnframt ferskleika og fágun. Þurr og göfugt kampavín með góðri bragðfyllingu og miklum krafti.

LA GRANDE DAME

Toppurinn frá Veuve Clicquot og af mörgum sérfræðingum talið vera eitt af þremur bestu lúxuskampavínum veraldar. Samanstendur af kampavínum frá átta bestu Cru-svæðum fyrirtækisins og er einungis framleitt þegar árgangurinn er nær fullkominn.





Kanilkrydduð og jólaleg kaka

Á kaffiborðum jólanna má í flestum tilfellum finna smákökusortir í tugatali, laufabrauð, flatkökur með hangikjöti og á miðju borðinu trónir gjarna terta. Tertur eru auðvitað hefðum bundnar eins og annað en þessi gulrótarkaka, sem er troðfull af kanil, hnetum og rúsínum, á gríðarlega vel heima á hverju jólaborði. Svo má prófa að leggja rúsínurnar og hneturnar í bleyti í örlitlu viskítári eða þúrtvínisdreitli til að fá enn meira jólabragð. Svo eru gulrætur og ananas líka hollur kostur sem veitir ekki af yfir hátíðirnar.

1½ bolli matarolía
1 bolli sykurl
4 egg
2 tsk. lyftiduft
2 tsk. kanill

1½ tsk. sódaduft
1 tsk. salt
2 bollar hveiti
2 bollar rifnar gulrætur (setja þétt í bolla)
1 bolli kurlaður ananas sem búið er að sigta vel
2 tsk. vanilludropar

1 bolli saxaðar valhnetur (má sleppa)
1 bolli saxaðar rúsínur (má sleppa)

Hrærið saman olíu og sykri og bætið einu eggi í einu út í. Purrefnum hrært saman við og að síðustu gulrótum, ananas, (valhnetum og rúsínum). Setjið í stórt eldfast formi/formum við 180 gráðu hita í 1 og ½ klukkustund.

Nú veljið þið annað hvort kremið!

Hefðbundið krem

50 g rjómaostur (vel mjúkur)
350 g flórsykur
sitrónusafi

